

**SKOÐUN** Örn Bárður Jónsson vill ekkert Match Fixing um nýja stjórnarskrá á Alþingi. 13



**MENNING** Óttar M. Norðfjörð og Elo Vázquez leikstýrðu myndbandi sem sýnt er á MTV-sjónvarpsstöðinni. 30



**SPORT** Einar Daði Lárusson er kominn inn á kortið í tugþrautarheiminum eftir frábært ár 2012. 26






# FRÉTTABLAÐIÐ


Þriðjudagur
12. febrúar 2013
36. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


## FRÉTTIR



### Afsögn Benedikts XVI

Tíðindi af afsögn Benedikts XVI páfa komu kaþólsku kirkjunni í opna skjöldu í gær. Páfi kveðst ekki ráða við verkefni embættisins vegna elli og hrumleika. 8

**Hafernir í hættu** Sést hefur til grútarblautra hafarna í og við Kolgrafafjörð. Ekki er hægt að ná fuglunum þar sem þeir geta enn flogið. 2

**Þýðingar beðið** Engin stórsprengja í stjórnarskrárskýrslu Feneyjanefndarinnar sem enn er trúnaðarskjal. 4

**Grandi fækkar sjómönnum** HB Grandi gerir miklar breytingar á rekstrinum, sjómönnum verður fækkað en störfum fjölgað í landi. 10




12

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | -1° | A | 4 |
| Akureyri | -5° | A | 3 |
| Egilsstaðir | 0° | NA | 5 |
| Kirkjubæjarkl. | -1° | NA | 4 |
| Reykjavík | 1° | A | 6 |

**VÍÐA BJART** Austan 3-10 m/s og bjartviðri en snjókoma eða slydda austast á landinu. Hiti 0-5 stig við ströndina en vægt frost N-til. 4

## 2 SÉRBLÖÐ

Bílar | Fólk











**DÓMUR FULLNUSTAÐUR** Hávaxin grenitré sem skyggðu á sólpall á næstu lóð í Víðihvammi í Kópavogi voru felld í gær eftir langvinna deilu sem lauk með dómi Hæstaréttar. Var þar bundinn endir á fimmtíu ára sögu á fimmtíu mínútum. 4

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Tveir milljarðar forða Hörpu frá gjaldþroti

Ríki og Reykjavíkurborg ætla að gefa eftir um 800 milljóna skuld vegna Hörpu. Vantar samt sem áður 1,2 milljarða til að lifa fram til ársloka 2016. Yfirtaka ríkis og borgar átti ekki að fela í sér aukin framlög þegar tilkynnt var um hana árið 2009.

**STJÓRNSÝSLA** Óleyst fjárþörf Hörpu umfram tekjur er 1.164 milljónir króna frá byrjun árs 2013 og til loka árs 2016. Fjárþörfina á að fjármagna með auknum framlögum ríkis og borgar og lántöku. Þessi framlög koma til viðbótar við tæplega milljarðs króna árlega verðtryggða greiðslu eigenda Hörpu sem eigendurnir eru skuldbundnir að greiða á hverju ári næstu 34 árin. Harpa tapaði hálfum milljarði króna á síðasta ári. Þetta kemur fram í greinargerð með tillögu að fjármögnun Hörpu, og Fréttablaðið hefur undir höndum, sem greitt verður atkvæði um í borgarstjórn í dag.

Þegar Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra og Hanna Birna Kristjánsdóttir, þáverandi borgarstjóri, samþykktu yfirtöku ríkis og borgar á Hörpu í febrúar 2009 kom fram í yfirlýsingu að allar áætlanir miðist við að „ekki þurfi að koma til aukin framlög ríkis og borgar frá því sem ákveðið var á árinu 2004“.

Samkvæmt tillögunni þurfa ríki og borg hins vegar að leggja Hörpu til 160 milljónir króna á ári fram til 2016 til viðbótar við fyrri framlög. Auk þess hafa eigendurnir samþykkt að breyta 794 milljóna króna brúarláni, sem átti að greiðast í desember 2012, í stofnframlag handa Hörpu. Því verða bein viðbótarframlög eigenda til Hörpu 1.434 milljónir króna hið minnsta.

Í greinargerðinni segir að „Valkosturinn við að fara ekki í ofangreindar aðgerðir er sá að fyrirtækið Harpan komist fljótlega í þrot og starfsemin hætti með talsverðum tilkostnaði fyrir eigendur“.

En það dugar ekki til að rétta við Hörpu. Skuldabréfaútgáfa, sem verið hefur á teikniborðinu lengi og Landsbankinn hefur þegar sölutryggt, verður nýtt til að hreinsa upp ýmsar útistandandi skuldir. Af þeim 18,5 milljörðum króna sem útgáfan á að skila munu 16,5 milljarðar króna fara í að endurfjármagna sambankalán vegna byggingar hússins, 500 milljónir króna fara í að greiða upp skammtímalán sem veitt var í desember 2012 til að klára uppgjör við verktaka, 525 milljónir króna fara í að greiða yfirdrátt vegna fjármögnunar á taprekstri síðasta árs og 272 milljónir króna eiga að fara í að fjármagna „tekjuskapandi framkvæmdir“ í húsinu á árinu 2013. Þá verða 311 milljónir króna teknar að láni til að fjármagna áætlaðan halla fram til ársins 2016 sem framlag ríkis og borgar nær ekki að brúa.

Meirihluti borgarstjórnar mun samþykkja tillöguna á borgarstjórnarfundi í dag en Kjartan Magnússon, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokks, segist ætla að greiða atkvæði gegn henni og býst við að samflokksmenn sínir geri það líka.

- þsj

**18,5** milljarða króna skuldabréfaútgáfa mun hreinsa upp ýmsar útistandandi skuldir Hörpu, meðal annars taprekstur síðasta árs.

Læknir um munntóbak:

## Krabbahrina vegna tóbaks

**HEILBRIGÐISMÁL** Slímhúðarskemmdir og önnur mein af völdum tóbaks í munni getur komið af stað ferli sem endar með krabbameini, segir Agnes Smáradóttir krabbameinslæknir.

Hún óttast að munntóbaksnotkun ungmenna nú eigi eftir að koma fram í holskeflu krabbameins í munnholi og hálsi eftir um tuttugu ár.

- óká / sjá síðu 6




## SPURNING DAGSINS



Sigfús, er ekki bara hægt að senda Rússajeppann í klössun?

**„Nei, ætli það. Það er sennilega líklegra að selja mig í brotajárn.“**

Handknattleikskappinn Sigfús Sigurðsson, oft kallaður Rússajeppinn, hefur nú endanlega hætt að spila, sökum langvinnra meiðsla.

Tveir Pólverjar í haldi vegna fíkniefnasmygls til Íslands frá Varsjá:

# Amfetamíni smyglað í dósum

**LÖGREGLUMÁL** Tveir pólskir menn á fertugsaldri sitja nú í gæsluvarðhaldi fyrir smygl á samtals þremur kílóum af amfetamíni til landsins í janúar.

Fyrri maðurinn kom til landsins í byrjun janúar. Tollverðir í Leifsstöð grunuðu hann um að vera með fíkniefni meðferðis og við leit í farangri hans komu í ljós um tvö kíló af amfetamíni, sem falin voru í dósum undan barnamjólkurdufti, að því er segir í tilkynningu frá lögreglu.

Sá síðari kom hingað 29. janúar og í farangri hans fannst um eitt kíló af amfetamíni, sem hafði verið komið fyrir í niðursuðudósum undan matvælum.

Mennirnir eru báðir pólskir og voru að koma hingað í fyrsta sinn. Þeir tengjast ekki að öðru leyti. Þeir hafa báðir setið í gæsluvarðhaldi síðan málin komu upp og mun það renna út á miðvikudag. Þá verður farið fram á framlengingu þess.

Þriðji maðurinn var handtekinn vegna fyrra málsins í janúar en látinn laus að loknum yfirheyrslum. Málin eru enn í rannsókn. **- sh**



**AMFETAMÍN** Tveir menn sæta gæsluvarðhaldi vegna smygls á amfetamíni.

Féllst á þrábeiðni Árna Páls:

# Þórunn verður aðstoðarmaður

**STJÓRNMÁL** Þórunn Sveinbjarnardóttir, fyrrverandi alþingismaður og umhverfisráðherra, hefur hafið störf sem aðstoðarmaður Árna Páls Árnasonar, nýkjörins formanns Samfylkingarinnar.

Árni Páll greinir frá þessu á Facebook-síðu sinni. Þar segir hann að Þórunn hafi fallist á þrábeiðni hans um að koma til starfa með forystu flokksins.

Þórunn var þingmaður frá 1999 til 2011 og umhverfisráðherra 2007 til 2009. **- þeb**



**ANTONIO VILLARAIGOSA OG CHARLIE BECK** Borgarstjórinn í Los Angeles og lögreglustjóri borgarinnar tilkynna um verðlaunaféð. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Lögreglumorðingja enn leitað ákaft í Bandaríkjunum:

# Milljón dalir til höfuðs Dorner

**BANDARÍKIN, AP Lögreglan í Bandaríkjunum hefur boðið milljón dali fyrir upplýsingar, sem gætu leitt til handtöku Christophers Dorner.**

**Dorner er fyrrverandi lögreglumaður í Los Angeles, sem hefur sagt lögreglunni stríð á hendur vegna þess að honum var sagt upp fyrir nokkrum árum.**

**Hann hefur framið þrjú morð og hótar mörgum morðum í viðbót. Víðamikil leit að honum hefur ekki borið árangur.** **- gb**

Breytingar á loðnukvóta:

# Aukinn um 120 þúsund tonn

**SJÁVARÚTVEGUR** Steingrímur J. Sigfússon atvinnuvegaráðherra hefur ákveðið að auka loðnukvótann um 120 þúsund tonn.

Ákvörðunin er tekin á grundvelli tillagna frá Hafrannsóknastofnun, en rannsóknaskipið Árni Friðriksson var við rannsóknir og mælingar á stærð stofnsins frá 21. janúar til 7. febrúar. Útreikningar sem byggja á þessum mælingum sýna að 873 þúsund tonn af kynþroska loðnu mældust frá miðjum Austfjörðum og að Norðvesturmiðum.

Leyfilegur hámarksafli á yfirstandandi fiskveiðiári er því 570 þúsund tonn, að meðtöldum þeim afla sem búið var að veiða fyrir mælingar. **- þeb**

Hjúkrunarfræðingar á LSH:

# Fá frest til að draga til baka

**HEILBRIGÐISMÁL** Hjúkrunarfræðingar á Landspítalanum hafa fengið frest til að draga uppsagnir sínar til baka. Þetta var ákveðið á fundi samninganefnda hjúkrunarfræðinga og Landspítalans í gærkvöldi, að sögn Elsu B. Friðfinnsdóttur, formanns Félags hjúkrunarfræðinga.

Búið var að gefa hjúkrunarfræðingunum frest til miðnættis í kvöld til að draga uppsagnir til baka, en nú hefur fresturinn verið framlengdur til miðnættis á fimmtudag. Samningafundinum í gærkvöldi var frestað um klukkan hálf átta í gærkvöldi og átti að hefjast á ný jan leik í morgun. **- þeb**

# Sést til grútarblautra arna í Kolgrafafirði

Náttúrustofa Vesturlands hefur fengið nokkrar tilkynningar um grútarblauta haferni í og við Kolgrafafjörð. Ekki er hægt að ná fuglunum þar sem þeir geta enn flogið. Allt að þrjátíu ernir eru á svæðinu af aðeins tæplega 300 fugla arnarstofni.

**UMHVERFISMÁL** Tveir grútarblautir hafernir sáust nálægt Kolgrafafirði í gær. Um helgina sást til tveggja, ef ekki þriggja, hafarna sem var eins ástatt um. Nokkuð hefur sést af fugli af öðrum tegundum í Kolgrafafirði.

Róbert Arnar Stefánsson, forstöðumaður Náttúrustofu Vesturlands, segir að hafernirnir sem sáust í gær hafi verið flögrandi um við vestanverðan Grundarfjörð og í Hraunsfirði. Allir eiga þeir ernir sem hafa sést grútarblautir til þessa það sameiginlegt að vera rétt svo fleygir og því ómögulegt að ná þeim, að sögn Róberts. Hvort um sömu fuglana sé að ræða og sáust um helgina treystir Róbert sér ekki til að meta. „En það er svolítið langt á milli þeirra til þess.“

Hversu margir ernir séu þegar grútarblautir treystir Róbert sér ekki til að meta, en hann telur að bíða verði í nokkra daga áður en hægt verður að ná þessum tilteknu fuglum. Starfsmenn NV fara í könnunarleiðangur í dag, en unnið er eftir eftirlitsáætlun stjórnvalda þar sem gert er ráð fyrir að NV fari ekki sjaldnar en á fimm daga fresti til að fylgjast með fuglalífinu í Kolgrafafirði þar sem yfir 50 þúsund tonn af síld hafa drepist síðan í desember. Þúsundir tonna af grút eru á fjörum auk nýdauðrar síldar. Á meðan þetta ástand varir eru líkur á því að fugl fari í grútinn margfaldar á við það sem annars væri.

Sést hefur til annarra tegunda fugla sem hafa lent í grútnum, til dæmis æðarfugl. En Róbert segir ljóst að starfsmenn NV muni einbeita sér að því að finna og bjarga haförnum sem hafa lent í grútnum. Slíkt ráðist einfaldlega af því hversu sjaldgæfur fuglinn er hér á landi og því hvað stofninn er viðkvæmur fyrir áföllum þess vegna.

Róbert telur að í tíu kílómetra radíus í kringum Kolgrafafjörð séu ekki færri en 25 til 30 hafernir, sem sé verulegt áhyggjuefni. „Þeir voru tíu í botni Kolgrafafjarðar á laugardaginn. Þetta er það sem maður óttaðist, og maður nær þeim ekki fyrr en þeir eru orðnir aðframkomnir. Því er allt eins möguleiki á að þeir finnist dauðir,“ segir Róbert.

Vitað er um 65 verpandi arnarpör hér á landi, en heildarfjöldi er ekki vitaður af nákvæmni. Þó má telja líklegt að stofninn telji nálægt 300 fugla í heildina.

„Þess vegna verður að segjast að hver fugl sé mjög dýrmætur,“ segir Róbert.



**GRÚTARBLAUTUR** Náðst hefur að mynda erni sem greinilega hafa lent í grútnum. Þeir geta enn flogið og því er ómögulegt að fanga þá. MYND/SUMARLIÐI ÁSGEIRSSON

> **Þeir voru tíu í botni Kolgrafafjarðar á laugardaginn. Þetta er það sem maður óttaðist, og maður nær þeim ekki fyrr en þeir eru orðnir aðframkomnir.**
>
> *Róbert Arnar Stefánsson forstöðumaður Náttúrustofu Vesturlands*

svavar@frettabladid.is




Enn eitt æðið gæti verið í uppsiglingu hjá tæknirisanum Apple:

# Sögusagnir um armbandstölvu

**TÆKNI** Næsta vara sem tæknirisinn Apple sendir frá sér gæti verið armbandstölva á stærð við úr, ef eitthvað er að marka sögusagnir sem stórblöðin New York Times og Wall Street Journal sögðu frá um helgina.

Apple-úr, sem tæknibloggarar hafa þegar hafið að kalla iWatch, gæti meðal annars þjónað sem tenging við iPhone-snjallsíma og önnur tæki og sýnt kortaforritið Apple Maps, en fréttir herma að úrið muni keyra á iOS-stýrikerfi Apple og tækni sé nú þegar til staðar til að setja sveigjanlegan snertiskjá á armbönd.

Heimildarmenn blaðanna, sem vildu ekki koma fram undir nafni vegna ótta við að missa vinnuna, sögðu meðal annars að Apple hefði þegar rætt við íhlutaframleiðandann Foxconn í Kína um mögulega framleiðslu.

Tæknisérfræðingar sem New York Times talaði við eru á sama máli með að næsta bylting í tölvuefnum yrði sennilega tæki sem notendur myndu bera á sér, til dæmis armbönd eða gleraugu. Þá hefur Apple lengi spáð í lausnir í tengslum við sjónvarp og meira að segja stefndi Steve Jobs heitinn að því að byggja Apple-snjallbifreið en honum entist ekki ævin til þess.

Apple hefur stórgrætt á sölu á iPod, iPhone og iPad síðustu ár. Samkvæmt síðustu tölum liggur fyrirtækið nú á 137 milljörðum dala í sjóðum sínum. **- þj**



**MEÐ ENN EITT TROMPIÐ UPPI Í ERMINNI?** Tim Cook, forstjóri Apple, kynnir nýja armbandsgræju til sögunnar á næstunni, ef eitthvað er að marka sögusagnir í tæknigeiranum vestra. NORDICPHOTOS/AFP

CHEVROLET

# CHEVROLET 2013

## Veldu þann sem hentar þér best



**Chevrolet Malibu**
Glæsilegur bíll sem einkennist af kraftalegum línum og skartar lúxusinnréttingu í hæsta gæðaflokki. Í Chevrolet Malibu stendur þér til boða lúxusgæði, ríkulegur staðalbúnaður og einstök þægindi.




**Chevrolet Orlando** SÆTI FYRIR 7
Rúmgóður bíll með miklu innanrými og djarfri útlitshönnun sem aðgreinir hann frá hjörðinni. Bíll þar sem hagkvæmni, útlit og aksturseiginleikar vinna vel saman




**Chevrolet Captiva LTZ**
Dísel • sjálfskiptur • 184 hö

## Pláss og kraftur fyrir alla fjölskylduna ...og vinina líka!

Chevrolet Captiva er hlaðinn aukabúnaði sem eykur getu hans við erfiðustu aðstæður. Captiva er einn vinsælasti jeppinn á Íslandi. Hann er 184 hestöfl og með nóg pláss fyrir alla fjölskylduna og vinina líka.

### Hluti af staðalbúnaði í Chevrolet Captiva LTZ:

- 7 sæta
- 18" álfelgur
- 6 þrepa sjálfskipting
- Bluetooth samskiptakerfi
- Brekkubremsa
- Fjarstýrðar samlæsingar með þjófavörn
- Aðgerðarstýri
- Rafmagn í rúðum og hliðarspeglum
- Hljómflutningstæki með USB tengi
- Aksturstölva
- Tölvustýrð miðstöð með loftkælingu
- Fjaropnun á afturhlera
- Upphitanlegir hliðarspeglar
- Nálægðarskynjarar í afturstuðara
- Leðuráklæði á 7 sætum
- Titanium litaðir þakbogar og húnar
- Topplúga
- Rafmagn í sætum og fleira - sjá benni.is

### Verð:

**Captiva LT 2,2 Diesel ssk** — **6.890 þús. kr.** SÆTI FYRIR 7
**Captiva LTZ LUX 2,2 Diesel ssk** — **7.390 þús. kr.** SÆTI FYRIR 7

### Langdrægur rafmagnsbíll

VOLT

Chevrolet Volt er langdrægur rafmagnsbíll með bensínrafal. Heildarökudrægi Volt er um 500 km. Á hleðslunni einni saman kemst Volt um 60 km, en það dugir í flestum tilvikum fyrir allan daglegan akstur. Komdu í heimsókn og skoðaðu framtíðina.



**Opið alla virka frá 9 til 18 og laugardaga frá 12 til 16**

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

Reykjavík • Tangarhöfða 8 • 590 2000
Njarðarbraut 9 • Reykjanesbæ • 420 3330
Bílaríki • Glerárgötu 36 Akureyri • 461 3636
**www.benni.is**

## GENGIÐ
11.02.2013

| | | |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 128,46 | 129,08 |
| Sterlingspund | 201,80 | 202,78 |
| Evra | 171,96 | 172,92 |
| Dönsk króna | 23,043 | 23,177 |
| Norsk króna | 23,270 | 23,408 |
| Sænsk króna | 20,026 | 20,144 |
| Japanskt jen | 1,3752 | 1,3832 |
| SDR | 196,48 | 197,66 |

**GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR**
234,1744

Skýrsla Feneyjanefndar um stjórnarskrárfrumvarp komin en bíður þýðingar:

# Engin sprengja í Feneyjaskýrslu

**STJÓRNMÁL** Fenyjanefndin svokallaða hefur skilað Alþingi umsögn sinni um stjórnarskrárfrumvarpið. Niðurstaðan hefur ekki verið gerð opinber.

„Sumu er hrósað og gerðar eru athugasemdir fram og til baka,“ segir Valgerður Bjarnadóttir, formaður eftirlits- og stjórnskipunarnefndar Alþingis. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins er engin stórsprengja í umsögn hinna erlendu sérfræðinga en heldur engin toppeinkunn gefin.

„Nefndarmenn hafa fengið skýrsluna í trúnaði en við ætlum að láta þýða hana áður en hún verður gerð opinber,“ segir Valgerður. „Okkur meirihlutanum í nefndinni finnst rétt að hafa skýrsluna á íslensku áður en við förum að fjalla um hana. Ég vona sannarlega að það verði fyrr en seinna.“

Vigdís Hauksdóttir, alþingismaður Framsóknarflokks og einn nefnarmanna, gagnrýnir trúnaðarbindinguna „Mér þykir það mjög skrítið að við skulum vera bundin trúnaði.



**Sumu er hrósað og gerðar eru athugasemdir fram og til baka**

*Valgerður Bjarnadóttir*

Er ekki alltaf verið að tala um að allt eigi að vera uppi á borðum og gegnsætt?,“ spyr Vigdís. - gar

Dánarorsök konu í kæliskáp:

# Rannsókn gæti tekið vikur

**DANMÖRK** Margar vikur gætu liðið þar til unnt verður að greina dánarorsök Mette Herholdt, sem fannst í rafmagnslausum kæliskáp í smábæ á Lálandi í síðustu viku og Fréttablaðið greindi frá. Ekkert hafði til hennar spurst í tvö ár áður en hún fannst.

Fyrrum sambýlismaður hennar er í haldi lögreglu. Hann hefur játað að hafa komið líkinu fyrir en segir hana hafa látist af eðlilegum orsökum. Formleg dánarorsök er þó enn á huldu. - þj

## NORÐURLÖND




### Rassía gegn rútubílstjórum

**1** **DANMÖRK** Danska lögreglan kannaði ástand 21 rútubílstjóra á sunnudagskvöld. Fjórði hver hafði brotið reglur um hvíldartíma. Tveir voru sendir heim í rúmið þar sem þeir höfðu ekki fengið tilskyldan svefn. Þrír aðrir voru sektaðir um allt að 61.500 danskar krónur.

Nýlega keyrði rúta með danska nema á leið til Prag út af vegi í Þýskalandi. Nemendur segja bílstjórann hafa sofnað undir stýri. Danskir fjölmiðlar segja þýsku lögregluna ekki hafa staðfest það.

### Vilja afnema fyrningarfrest vegna barnaníðs

**2** **NOREGUR** Norska ríkisstjórnin vill afnema fyrningarfrest vegna kynferðisofbeldis gagnvart börnum. Tillaga um breytingar á hegningarlögum er nú hjá umsagnaraðilum, samkvæmt frétt á vef norska ríkisútvarpsins. Fyrningarfrestur vegna barnaníðs er nú 25 ár. Í síðustu viku greindi Verdens Gang frá 42 ára konu sem gat ekki greint lögreglu frá ofbeldinu sem hún var beitt þegar hún var barn fyrr en 34 árum seinna.

### Patriot-flugskeyti verði á Gotlandi

**3** **SVÍÞJÓÐ** Jan Björklund, menntamálaráðherra Svíþjóðar og formaður Þjóðarflokksins, leggur til að Patriot-flugskeytum verði komið fyrir á Gotlandi, sænskri eyju í Eystrasalti. Hann vill einnig fleiri varaliða í herinn og færri atvinnuhermenn. Björklund telur að bregðast þurfi við auknum vígbúnaði Rússa. Kristilegir demókratar styðja tillögu Björklunds.



# Dásamlegt að fá loks sólargeisla á pallinn

Langþráð síðdegissólin skein loks á verönd Þóreyjar Þórðardóttur í Víðihvammi í Kópavogi þegar hálfrar aldar grenitré voru söguð niður eftir dóm Hæstaréttar. Nágrannakonan treysti sér ekki til að horfa á trén sín söguð niður og var að heiman.

**DÓMSMÁL** „Ég stend og horfi út um gluggann. Það er einfaldlega dásamlegt að sjá sólina hér í norðurgarðinum í fyrsta skipti,“ sagði Þórey Þórðardóttir sem í gær fagnaði endalokum meira en fimm ára baráttu fyrir því að fá sól á sólpallinn sinn.

Þórey og eiginmaðurinn hennar heitinn keyptu íbúð í húsinu í Víðihvammi 24 í Kópavogi á árinu 2005. Frá árinu 2007 hefur Þórey reynt að fá nágranna sína í Víðihvammi 22 til að fjarlægja tvö hávaxin grenitré sem stóðu á lóðarmörkunum og skyggðu á lóð Þóreyjar. Á endanum kvað Hæstiréttur úr um að trén skyldu víkja.

Fram kemur í dómskjölum að Víðihvammur 22 sé byggður 1961 og að grenitrén hafi verið gróðursett skömmu síðar í norðaustur horni lóðarinnar. Trén voru því orðin um hálfrar aldar gömul þegar þau voru felld í gær. Sólpallur Þóreyjar var smíðaður í skugga trjánna. Sagði hún fyrir dómi að annar staður hafi ekki komið til greina því eini útgangurinn frá íbúðinni hafi verið úr herbergi þeirra hjóna. Hæð trjánna geri það hins vegar að verkum að þau skyggja nær algjörlega fyrir dagsbirtu og sól á veröndinni eftir klukkan hálfþrjú á daginn yfir sumarið.



**BÚIÐ SPIL** Sólin á nú greiða leið að vesturhlið Víðihvamms 24.

Spurð hvernig henni sé innanbrjósts eftir þessi löngu deilu sem nú hefur loks tekið enda segist Þórey ekki vilja ræða það mál frekar. „Þetta hefur tekið alltof langan tíma en nú er þetta búið,“ sagði hún einfaldlega og hélt áfram að njóta síðdegisólarinnar sem skein glatt í garðinum í Víðihvammi 24 í gær.

Ekki náðist tal af íbúum í Víðihvammi 22 sem þurftu að sjá á bak tveimur öldnum og stæðilegum grenitrjám. Dóttir konunnar sem býr í húsinu var hins vegar á staðnum þegar ljósmyndara Fréttablaðsins bar að garði. Kvað hún móður sína ekki hafa treyst sér til að vera viðstadda þegar grenitrén voru felld.

Í dómi Hæstaréttar segir að skert birtuskilyrði á lóð Þóreyjar auk umfangs og staðsetningar grenitrjánna nærri lóðarmörkum, þannig að greinar trjánna slúttu langt inn á lóð Þóreyjar væri henni til verulegra óþægeinda og „langt umfram það sem hún þyrfti að þola samkvæmt ólögfestum reglum nábýlisréttar“. Ekki væri hægt að draga úr þessum óþægindum nema með því að fjarlægja trén. gar@frettabladid.is

**Þetta hefur tekið alltof langan tíma en nú er þetta búið.**

*Þórey Þórðardóttir, íbúi í Víðihvammi 24.*






## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**HVESSIR Á MORGUN** Fínasta veður víða á landinu í dag en á morgun verður lægð fyrir sunnan land með vaxandi austanátt og rigningu eða slyddu um sunnan og austanvert land. Hlýnar smám saman.




**Á morgun**
10-15 m/s en 15-20 við S-ströndina.




**Fimmtudagur**
5-10 m/s.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 16° | Billund | -1° | Gautaborg | -1° | London | 3° | Orlando | 26° | San Francisco | 15° |
| Basel | 1° | Frankfurt | 1° | Kaupmannahöfn | -1° | Mallorca | 17° | Ósló | -4° | Stokkhólmur | 0° |
| Berlín | 1° | Friedrichshafen | 0° | Las Palmas | 20° | New York | 6° | París | 3° | | |



**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann *atli.bergmann@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*, Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is*, Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Sverrir Birgir Sverrisson *sverrirbs@365.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

BAUERFEIND®

Eirberg



# Viðurkenndar stuðningshlífar

- Virkur stuðningur
- Vandaður vefnaður
- Góð öndun
- Einstök hönnun
- Fjölbreytt úrval

***Fagleg ráðgjöf sjúkraþjálfara.***
***Tímapantanir.***

# HLAUPTU LENGRA



Hnéhlífar



Ökklahlífar



## Hlaupasokkar

- Veita góðan þrýsting við ökkla og kálfa
- Minnka þreytuverki í kálfum
- Auka blóðflæði og súrefnisupptöku
- Minnka hættu á blöðrum og núningi

Opið virka daga frá kl. 9 - 18 • laugardaga kl. 11 - 16 • Eirberg ehf. • Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • eirberg.is

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Númer hvað er þrettánda hæðin á Höfðatorgi?
**2.** Hvar vill starfshópur á vegum Reykjavíkurborgar láta gera nýjar sundlaugar?
**3.** Hvað heitir formaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga?

**SVÖR**

**1.** Hún er númer fjórtán. **2.** Í Fossvogi og Vatnsmýri. **3.** Elsa B. Friðfinnsdóttir.

Yfirlögregluþjónn í Eyjum segir ótækt og forneskjulegt að hafa lögreglustöðina ekki opna alla nóttina:

# Stakk mann og var sleppt eftir játningu

**LÖGREGLUMÁL** Tveir piltar, sautján til átján ára, lentu í átökum í miðbæ Vestmannaeyja á öðrum tímanum aðfaranótt sunnudags sem lyktaði með því að annar þeirra stakk hinn með vasahníf.

Sá stungni fékk sár við olnbogabótina og missti talsvert blóð, að sögn lögreglu. Hann fékk aðhlynningu og var saumaður á sjúkrahúsi.

Sá sem mundaði hnífinn gaf sig fram við lögreglu, var yfirheyrður og sleppt í kjölfarið. Ekki þótti ástæða til að vista hann í fangageymslum um nóttina, en það hefði auk þess kostað útkall á lögreglumanni þar sem lögreglustöðin er lokuð frá því klukkan þrjú á nóttunni.

„Við höfum þurft að skera mikið niður eins og aðrar stofnanir og það er engin vakt eftir þrjú," segir Jóhannes Ólafsson, yfirlögregluþjónn í Eyjum. „Ef það þarf að setja einhvern inn þá þarf að hafa menn á aukavakt til þess – og auðvitað gerum við það ef á þarf að halda."

Ólafur er hins vegar ekki sáttur við ástandið. „Það er verið að fara nánast hundrað ár aftur í tímann. Það er ótækt í bæjarfélagi sem telur nánast fimmtán þúsund manns að það sé ekki full vakt alla nóttina. Ég tala nú ekki um á sumrin þegar fjölgar um tugi þúsunda." - sh



**ÚTI Í EYJUM** Það kostar tilstand að vista mann í fangaklefa eftir klukkan þrjú að nóttu í Vestmannaeyjum. MYND/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON



**Í VINNU** Ætlunin er að skapa 2.200 tækifæri fyrir langtímaatvinnulausa. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Átaksverkefnið Liðsstyrkur:

## Um 600 störf þegar skráð

**VINNUMARKAÐUR** Atvinnuátaksverkefnið Liðsstyrkur hefur farið afar vel af stað, segir á vef Sambands íslenskra sveitarfélaga. Um 600 störf hafa nú þegar verið skráð í starfabankann, þar af hefur Reykjavíkurborg skráð um 150 störf, Kópavogur um 100 og sveitarfélög á Suðurnesjum um 50. Liðsstyrkur er átaksverkefni sem hóf göngu sína í janúar 2013. Markmiðið með verkefninu er að virkja atvinnuleitendur sem hafa fullnýtt rétt sinn innan atvinnuleysistryggingakerfisins til þátttöku að nýju á vinnumarkaði.

Auk Vinnumálastofnunar standa að verkefninu fjölmargir aðilar; ríkið, aðilar vinnumarkaðarins og sveitarfélög. Stefnt er að því að skapa allt að 2.200 sex mánaða starfstengd vinnumarkaðsúrræði á árinu 2013. - shá

**RÚSSLAND**

### 18 fórust í kolanámu

Átján námuverkamenn fórust þegar sprenging varð í kolanámu í norðurhluta Rússlands í gærmorgun. 240 manns voru að störfum þegar sprengingin varð, en talið er að metangas hafi safnast þar fyrir.

Fluttu um helgina:

## Kvennaathvarf í nýtt húsnæði

**SAMFÉLAGSMÁL** Kvennaathvarfið flutti í nýtt hús um síðustu helgi. Húsið var keypt og endurbætt fyrir gjafa- og söfnunarfé.

„Í nýja húsinu eru fleiri svefnherbergi, fleiri baðherbergi og almennt betri aðstaða svo meira næði verður innanhúss, auk þess sem næturlíf miðborgarinnar mun ekki halda vöku fyrir íbúum hússins," segir í tilkynningu frá athvarfinu. Aðgengi fyrir hreyfihamlaða er betra og börn fá sitt pláss bæði inni og úti. - þeb



**FJÖLSKYLDUHJÁLPIN** Vilja kanna þörf umsækjenda.

Fjölskylduhjálpin í rétti:

## Má krefjast skattframtals

**PERSÓNUVERND** Fjölskylduhjálp Íslands er heimilt að krefja þá sem leita matarstoðar hjá félaginu um afrit af skattframtali. Persónuvernd hefur úrskurðað að vinnsla Fjölskylduhjálparinnar á framtölunum sé í þágu líknarsamtaka og teljist liður í lögmætri starfsemi þeirra. Félagið sagði þessa kröfu hafa verið gerða í kjölfar mikillar aukningar á umsóknum um aðstoð.

Það var kona ein sem leitaði aðstoðar hjá Fjölskylduhjálpinni í fyrravor sem óskaði eftir áliti Persónuverndar á málinu. Sagði konan meðal annars að hvorki væri gefin kvittun fyrir móttöku framtalsins né trúnaði heitið.

# Munntóbakið valdi hrinu krabbameina

Krabbameinslæknir óttast að afleiðingar munntóbaksnotkunar ungmenna muni koma fram síðar í aukinni tíðni alvarlegra krabbameina hjá fólki á besta aldri. Umræðan nú sé eins og tíðkaðist um sígarettur fyrir þrjátíu árum.

**HEILBRIGÐISMÁL** Slímhúðarskemmdir í munni og önnur mein af völdum tóbaks sem sett er í munn getur komið af stað ferli sem endar með krabbameini. Þetta segir Agnes Smáradóttir, krabbameinslæknir á Landspítalanum. Hún segir tannlækna hafa orðið vara við slíkar skemmdir og kveðst óttast að munntóbaksnotkun ungmenna nú eigi eftir að koma fram í holskeflu krabbameins í munnholi og hálsi eftir um tuttugu ár eða svo.

„Ef skemmdir sjást í fólki á tvítugsaldri þá verður það um fertugt eftir tuttugu ár, og það er heldur ungt til að fá krabbamein."

Hingað til segir Agnes mjög erfitt hafa verið að meðhöndla krabbamein í munnholi og hálsi. „Þau dreifa sér ekki mikið, en vaxa mjög aggressívt, þannig að kannski þarf að taka kjálkann eða tunguna. Það er meiriháttar mál að fá þessa tegund krabbameins."

Agnes varar við fullyrðingum, sér í lagi í tengslum við frumvarp til breytinga á lögum um tóbaksvarnir, um að munntóbak sé skaðlítið, eða góður kostur fyrir fólk sem vilji hætta að reykja.

„Ég veit nú samt ekki til þess að gerðar hafi verið rannsóknir á íslensku tóbaki, en geri ekki ráð fyrir að það sé bráðhollt í samanburði við erlent munntóbak, þótt vissulega geti það verið misjafnt."

Margbúið er að sýna fram á skaðsemi munntóbaks í erlendum rannsóknum, þar á meðal nýjum rannsóknum á „sænsku snusi" sem bendi til að notkun þess leiði til aukinnar hættu á krabbameini í munnholi og hálsi. „Og maður hefur af þessu verulegar áhyggjur því markhópurinn sem er að nota þetta eru ungir íþróttamenn."

Agnes segir umræðuna nú minna á umræðu um reykingar fyrir um þrjátíu árum. „Þá hafði enginn trú á því að þetta gæti haft einhvern skaða í för með sér. En svo kemur í ljós að í heiminum deyja hundruð milljóna manna af völdum reykinga."

olikr@frettabladid.is



**HEFUR ÁHYGGJUR** Agnes Smáradóttir, krabbameinslæknir á Landspítalanum, óttast að aukin notkun munntóbaks eigi eftir að skila sér í holskeflu krabbameinstilvika hjá fólki á besta aldri þegar fram líða stundir. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON




**TÓBAK** Ungir íþróttamenn eru meðal þeirra sem líklegastir eru til að nota munntóbak. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

ÞÚ STYRKIR OKKUR ÞEGAR ÞÚ SPILAR

Þegar þú spilar í kössunum okkar styrkir þú Rauða krossinn, SÁÁ og Slysavarnafélagið Landsbjörg.




18+

Íslandsspil

DRAUMARÚM

30-50% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM RÚMUM

# TRYGGIR ÞÉR GÓÐAN SVEFN

**Rafmagnsrúm á verði frá 190.049**



12 mánaða vaxtalaus greiðsludreifing **16.732**

**Tvíbreið heilsurúm á verði frá 129.360**



12 mánaða vaxtalaus greiðsludreifing **11.[illegible]7**

**TILBOÐ: Tökum gamla rúmið uppí nýtt!**

# FRAMLENGJUM

**FRAMLENGJUM ÚTSÖLUNNI UM NOKKRA DAGA!**

FAGLEG RÁÐGJÖF OG

**FRÍ LEGUGREINING**

Mesta úrval landsins af heilsudýnum.

Heilsudýnur í öllum stærðum - úr öllum efnum.

Eini aðilinn á íslandi sem býður uppá legugreiningu

## Tilboð á arineldstæðum
## 20-65% afsláttur



– Mikið úrval af eldstæðum –

## ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM

**RúmGott** · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is

VERSLUNIN Rúm Gott ÍSLENSK HEILSURÚM

# Páfi kveðst hætta vegna hrumleika

Benedikt XVI. páfi hefur tilkynnt að hann ætli að hætta í lok mánaðarins. Hann segist ekki lengur ráða við erfið verkefni embættisins vegna ellihrumleika.

**PÁFAGARÐUR, AP** Tíðindin af afsögn Benedikts XVI. páfa komu kaþólsku kirkjunni í opna skjöldu. Flestir nánustu samstarfsmenn hans höfðu ekki gert sér grein fyrir því sem til stóð.

„Allir kardínálarnir voru sem þrumu lostnir og litu hver á annan," segir Oscar Sanchez, kardínáli frá Mexíkó, sem var viðstaddur þegar Benedikt las upp tilkynningu um afsögn sína. Sumir áttu greinilega erfitt með að skilja tíðindin.

Bróðir hans, Georg Ratzinger, segir að páfi hafi verið að velta þessu alvarlega fyrir sér undanfarna mánuði.

„Ég hef fullvissað mig um það að vegna aldurs hafi ég ekki lengur nægan styrk til að sinna páfadómi svo fullnægjandi sé," sagði Benedikt í yfirlýsingunni, sem hann las upp á fundi með kardínálum í Páfagarði.

Hann sagði þær kröfur sem nútíminn gerði til starfsins vera það miklar að til að standa undir þeim þurfi menn að vera bæði líkamlega og andlega vel á sig komnir.

Þegar Benedikt var kosinn páfi árið 2005 var hann guðfræðingur og kardínáli í Þýskalandi og hét enn Joseph Ratzinger. Hann var orðinn 78 ára og var farinn að hlakka til þess að setjast í helgan stein. Hann hefur sagt að hann hefði heldur kosið að njóta ævikvöldsins við bóklestur og gönguferðir, frekar en að vera í kastljósi fjölmiðlanna og bera höfuðábyrgð á kaþólsku kirkjunni.

Páfatíð Benedikts hefur að nokkru verið stormasöm. Nokkru áður en hann tók við voru kynferðisbrot fjölda kaþólskra presta víða í Bandaríkjunum og Evrópulöndum að komast í hámæli, en það kom í hans hlut að takast á við þessi hneykslismál sem æðsti yfirmaður kirkjunnar.

Hann tók sjálfur á móti fjölmörgum fórnarlömbum kynferðisbrotanna og hét því að kaþólska kirkjan myndi standa sig framvegis. Yfirhylmingar með kynferðisbrotum yrðu liðin tíð.

gudsteinn@frettabladid.is

## Örfáir páfar hafa hætt fyrir andlát sitt



Einungis örfáir páfar hafa sagt af sér í gjörvallri sögu kaþólsku kirkjunnar.

Síðast gerðist það árið 1415 þegar Gregor XII. hætti til þess að sætta andstæðar fylkingar, sem höfðu valdið klofningi kaþólsku kirkjunnar.

Þar áður var það Celestine V. sem hætti árið 1294 eftir að hafa verið páfi í aðeins fimm mánuði. Fyrir vikið fékk hann pláss í fordyri helvítis í bókum Dantes Alighieri.

Árið 1045 hætti Benedikt IX eftir að hafa hreinlega selt páfastólinn guðföður sínum, Gregor VI.

B|L
MINNA ELDSNEYTI
NÝIR SPARNEYTNIR BÍLAR




RENAULT MEGANE II SPORT TOURER
1.5 dísil, sjálfskiptur. Verð 3.890 þús. kr.
Eyðsla: 4,2 l/100 km*




NISSAN QASHQAI – 4x4
Dísil, beinskiptur. Verð 5.090 þús. kr.
Eyðsla: 4,6 l/100 km*




SUBARU XV – 4x4
Bensín, sjálfskiptur. Verð 5.590 þús. kr.
Eyðsla: 6,6 l/100 km*




NISSAN JUKE
Bensín, sjálfskiptur. Verð 4.090 þús. kr.
Eyðsla: 6,3 l/100 km*

*Miðað við blandaðan akstur
ENNEMM / SÍA / NM56370

Bílahúsið / Reykjanesbæ / 421 8808 – Bílasalan Bilás / Akranesi / 431 2622 – Bílasala Akureyrar / Akureyri / 461 2533 – Bílaverkstæði Austurlands / Egilsstöðum / 470 5070
BL Sævarhöfða 2 110 Reykjavík 525 8000
B|L

www.meiraprof.is
Farðu ekki án **réttinda** á vinnuvélar til **Evrópu**, vertu klár í allt, heima sem erlendis

**Skjót leið**
til **starfs**menntunar

Réttindanámskeið fyrir stjórnendur vinnuvéla, kláraðu þetta á móðurmálinu ef þú hefur hug á starfi í Evrópu. Hægt er að byrja alla föstudaga kl. 17.30, námið tekur 3 helgar, sjá nánar á heimasíðunni **meiraprof.is** eða hringdu í síma 588 45 00

NÁMSKEIÐ SEM GEFA RÉTTINDI UM GJÖRVALLA EVRÓPU



ÖLL ÖKURÉTTINDI - ÖLL VINNUVÉLARÉTTINDI

**Skapaðu þér þitt eigið góðæri**

Námskeið til aukinna ökuréttinda og vinnuvélanámskeiðið gefur aðgang að þúsundum áhugaverðra starfa. Fyrir þá sem ekki eru með umtalsverða framhaldsmenntun er það ekki spurning að afla sér þeirra réttinda sem þessi námskeið veita. Fjöldi fólks með mikla sérmenntun sækir þó þessi námskeið til að eiga möguleika á að komast út frá pappír og tölvum og láta til sín taka á sverum trukkum og öflugum vinnuvélum, þó ekki sé nema í sumarfríum.
Starfsmenn skólans eru með áralanga reynslu í kennslu á þessu sviði og þjálfaðir í að kenna fólki sem að öllu jöfnu hefur skóla ekki efst á vinsældarlistanum. Við starfsmenn skólans kappkostum að flytja hagnýtan fróðleik sem kemur nemendum og vinnuveitendum þeirra ( og öllum vegfarendum ) að gagni alla daga. Við kennararnir trúum líka á líf **fyrir** dauðann og leggjum okkur fram um að námið sé ekki bara hagnýtt, heldur einnig skemmtilegt.
Ekki bíða eftir tíma til að framkvæma þetta sem þú hefur hugsað lengi um, það er annað orð yfir aldrei. Búðu tímann til, stattu með sjálfum þér og byrjaðu strax. Við fögnum því að fá að hitta þig og að fá þannig tækifæri á að auka árangur þinn í lífinu.

NÝI ÖKUSKÓLINN
KLETTAGÖRÐUM 11 ( et-húsinu ) REYKJAVÍK
ALLAR FREKARI UPPLÝSINGAR Í SÍMA 588 45 00






## Nýr Yaris Hybrid. Sjáðu borgina þagna.

Umferðarljósin stoppa og stara á hann renna hljóðlaust hjá. Stöðumælarnir kyngja klinki af aðdáun meðan bensíndælurnar stinga fingrum í eyrun og láta sem hann sé ekki til. Fimmtán ára þróun Toyota á hybrid-tækninni hefur skilað sér í þessum hljóðláta snillingi, nýjum Yaris Hybrid sem með lágmarksútblæstri (79g/km) og aðeins 3,5 lítrum á hundraðið líður hávaðalaust um stræti og torg.

Fáðu nánari upplýsingar á www.toyota.is
Erum á Facebook - Toyota á Íslandi

**Verð: 3.610.000 kr.**

3,5 l
Notar aðeins frá 3,5 lítrum á 100 km í blönduðum akstri.

| Toyota Kauptúni | Toyota Akureyri | Toyota Reykjanesbæ | Toyota Selfossi |
|---|---|---|---|
| Kauptúni 6 | Baldursnesi 1 | Njarðarbraut 19 | Fossnesi 14 |
| Garðabæ | Akureyri | Reykjanesbæ | Selfossi |
| Sími: 570-5070 | Sími: 460-4300 | Sími: 420-6600 | Sími: 480-8000 |

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.



**STUÐNINGUR** Í hverjum strætisvagni verður plakat um nauðsyn blóðgjafar.

Auglýsa blóðgjöf um borð:

## Strætó styður Blóðbankann

**HEILBRIGÐISMÁL** Strætó styður við Blóðbankann og hvetur farþega til að gefa blóð. Á vef Strætó segir að í hverjum vagni sé plakat sem minni á nauðsyn blóðgjafa, en til að mæta þörfum samfélagsins þurfi bankinn 70 blóðgjafa á dag.

„Auðvelt er að taka strætó í Blóðbankann og hægt er að fara inn á strætó.is og finna hvaða leið hentar þér. Blóðbankinn í Reykjavík er á Snorrabraut 60 og Blóðbankinn á Akureyri er á Fjórðungssjúkrahúsinu,“ segir á Strætó. Þá megi sjá staðsetningu blóðbankabílsins á www.blodbankinn.is. - óká

**SJÁVARÚTVEGUR**

### Strandaði við Eyjar

Loðnuskipið Kap VE-4 strandaði í Vestmannaeyjahöfn í gærdag, aðeins nokkur hundruð metra frá bryggju. Skipið losnaði eftir um tvær klukkustundir, þegar flætt hafði nógu mikið að. Skipstjórar í Eyjum hafa kvartað yfir hrygg sem myndast þegar skrúfur Herjólfs þyrla upp sandi í höfninni, að sögn RÚV.

# Grandi fækkar sjómönnum en fjölgar störfum í landi

HB Grandi gerir miklar breytingar á rekstri. Betri afkoma landvinnslu og skertar aflaheimildir ástæðan. Einu skipi lagt og frystiskipi breytt til ísfiskveiða. Sjómönnum fækkar um 34 en 50 störf skapast í landi.

**ATVINNUMÁL** HB Grandi hefur ákveðið að breyta rekstri sínum umtalsvert og við það missa 34 sjómenn skipspláss sín. Störfum í landvinnslu fjölgar hins vegar um fimmtíu við breytingarnar. Ástæða breytinganna er betri afkoma landvinnslu félagsins og skerðingar á aflaheimildum þess.

Þetta var meðal þess sem var kynnt starfsmönnum á fundi í gær, en fyrr höfðu sjómenn fengið upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar. Þar kom fram að HB Grandi hefur ákveðið að leggja frystitogaranum Venusi og frystitogaranum Helgu Maríu verður breytt í ísfisktogara. Á næsta fiskveiðiári mun félagið því gera út þrjá frystitogara í stað fimm en fjóra ísfisktogara í stað þriggja. Auk togaranna gerir HB Grandi út þrjú uppsjávarveiðiskip.

Vilhjálmur Vilhjálmsson, forstjóri HB Granda, segir það mat félagsins að meiri verðmætasköpun muni felast í því að vinna aflann í landi frekar en frysta hann á sjó, meðal annars vegna aukinnar eftirspurnar erlendis eftir ferskum sjávarafurðum.

„Það má segja að undanfarin ár hafi það gefið meiri framlegð að vinna með ísfiskskipum og landvinnslu. Afkoma frystitogara hefur verið að slakna á þessum tíma. Við horfum til þess að meiri framtíð sé í markaði með ferskan fisk,“ segir Vilhjálmur.

Ástæðan fyrir fækkun í togaraflota HB Granda er fyrst og fremst óánægar aflaheimildir, að sögn Vilhjálms. Undanfarin þrjú ár hafa bolfisksheimildir félagsins minnkað um 3.445 þorskígildistonn.

Við breytingarnar mun sjómönnum félagsins væntanlega fækka úr 320 í 286, en störfum í landvinnslu mun fjölga um fimmtíu. Stöðugildum hjá fyrirtækinu mun því fjölga um sextán við breytingarnar. Alls starfa um 800 manns hjá HB Granda.

En hvernig verður staðið að breytingum áhafna skipanna? „Það má segja að það verði stokkað upp á öllum skipunum, eins og við ræddum við sjómennina okkar í gær. Við lítum alls ekki á þetta sem einkamál okkar og þeirra á Venusi, til dæmis,“ segir Vilhjálmur, sem útilokar ekki að einhverjir vilji grípa tækifærið og fara í land.

Helgu Maríu verður siglt til Póllands í almennt viðhald þegar aflaheimildir skipsins hafa verið veiddar, og verður breytt í ísfisktogara. Skipasmíðastöðvar í Póllandi voru með lægstu tilboðin í verkið, mun lægri en frá íslenskum fyrirtækjum.

svavar@frettabladid.is



**VIÐ BRYGGJU** Ekki er litið á uppsagnirnar sem einkamál áhafnanna á Venusi og Helgu Maríu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> **Það má segja að undanfarin ár hafi það gefið meiri framlegð að vinna með ísfiskskipum og landvinnslu. Afkoma frystitogara hefur verið að slakna á þessum tíma.**
>
> *Vilhjálmur Vilhjálmsson forstjóri HB Granda*

BMW
www.bmw.com
Sheer Driving Pleasure



X LÍNAN Í TAKT VIÐ TÍMANN.

Þú ert í leit að ævintýrum, við erum í leit að tæknilegri fullkomnun. Allar aðstæður eru kjöraðstæður fyrir BMW XDrive fjórhjóladrifskerfið. Þótt veðrið sé óútreiknanlegt er akstursánægjan í X línunni eitthvað sem þú getur treyst á.

DÍSIL 2,0D - 184 HESTÖFL
5,6 L/100 KM* Í BLÖNDUÐUM AKSTRI.

WWW.BMW.IS

Verð frá 7.890.000**

ENNEMM / SÍA / NM56430

**Aukabúnaður á mynd, M sportpakki

*Miðað við uppgefnar viðmiðunartölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

BL Sævarhöfða 2, sími 525 8000

Kíktu á notadir.brimborg.is

# FRÁBÆRT ÚRVAL

**Tökum allar tegundir bíla uppí.**



Tilboð: 2.090.000 kr.

**Ford Focus Trend (DLP31)**
1,6i 89 hö dísil beinskiptur
Skrd. 5/2011. Ek. 58.000 km.
Verð: 2.350.000 kr.
Afsláttur: 260.000 kr.



Tilboð: 3.690.000 kr.

**Ford Explorer Limited 4x4 (ENK28)**
4,6i V8 291 hö bensín sjálfskiptur
Skrd. 8/2008. Ek. 81.000 km.
Verð: 3.990.000 kr.
Afsláttur: 300.000 kr.



Tilboð: 3.480.000 kr.

**Porsche Cayenne AWD (OE753)**
3,2i V6 250 hö bensín sjálfskipt.
Skrd. 12/2005. Ek. 112.000 km.
Verð: 3.900.000 kr.
Afsláttur: 420.000 kr.

FINNDU BÍLINN ÞINN Á NOTADIR.BRIMBORG.IS



Tilboð: 4.290.000 kr.

**Ford Kuga Trend AWD (TIB72)**
2,0TDCi 140 hö dísil sjálfskiptur
Skrd. 5/2011. Ek. 60.000 km.
Verð: 4.780.000 kr.
Afsláttur: 490.000 kr.



Tilboð: 1.790.000 kr.

**Subaru Legacy Lux AWD (OT724)**
2,0i 164 hö bensín sjálfskiptur
Skrd. 7/2006. Ek. 121.000 km.
Verð: 2.090.000 kr.
Afsláttur: 300.000 kr.

FINNDU BÍLINN ÞINN Á NOTADIR.BRIMBORG.IS



Verð: 2.490.000 kr.

**Volvo S40 SE (LJ187)**
2,4i 140 hö bensín sjálfskiptur
Skrd. 05/2007. Ek. 85.000 km.
Verð: 2.490.000 kr.



Tilboð: 1.190.000 kr.

**Citroën C5 SX (LL625)**
2,0i 143 hö bensín sjálfskiptur
Skrd. 9/2006. Ek. 65.000 km.
Verð: 1.580.000 kr.
Afsláttur: 390.000 kr.

FINNDU BÍLINN ÞINN Á NOTADIR.BRIMBORG.IS



Verð: 3.950.000 kr.

**Toyota Prius (SYM36)**
1,8i 99 hö bensín sjálfskiptur
Skrd. 6/2010. Ek. 40.000 km.
Verð: 3.950.000 kr.



Verð: 2.940.000 kr.

**Mazda3 Advance (NIX00)**
1,6TDCi 115 hö dísil beinskiptur
Skrd. 6/2012. Ek. 28.000 km.
Verð: 2.940.000 kr.

FINNDU BÍLINN ÞINN Á NOTADIR.BRIMBORG.IS



Tilboð: 3.590.000 kr.

**Ford Mondeo Trend (TEH76)**
2,0TDCi 140 hö dísil sjálfskiptur
Skrd. 7/2011. Ek. 40.000 km.
Verð: 3.790.000 kr.
Afsláttur: 200.000 kr.



Verð: 3.350.000 kr.

**Ford Focus Trend (NMS57)**
1,6TDCi 95 hö dísil beinskiptur
Skrd. 3/2012. Ek. 17.000 km.
Verð: 3.350.000 kr.



Tilboð: 1.790.000 kr.

**Ford Fiesta Trend (EGH08)**
1,4i 96 hö bensín sjálfskiptur
Skrd. 6/2011. Ek. 61.000 km.
Verð: 1.950.000 kr.
Afsláttur: 160.000 kr.

**Komdu í dag**
Virka daga er opið milli kl. 9-17 og milli kl. 12-16 á laugardögum í Brimborg, Bíldshöfða 6 og 8 í Reykjavík og Tryggvabraut 5 á Akureyri.

**Kíktu á leitarvélina og finndu bílinn þinn: notadir.brimborg.is**

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6 og 8, sími 515 7000 I Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050.

# SKOÐUN

Ekki er hægt að afnema verðtryggingu en halda krónu:

## Loforð um loft

Framsóknarflokkurinn hélt flokksþing sitt um helgina. Ein þeirra ályktana sem þar voru samþykktar snýst um afnám verðtryggingar. Útfærsla á að vera tilbúin fyrir árslok 2013. Sjálfstæðisflokkurinn, Vinstri hreyfingin – grænt framboð, Björt framtíð, Hægri grænir og Dögun hafa allir sambærilega stefnu, þó að blæbrigðamunur sé á. Enginn þeirra hefur hins vegar sett fram leið til að framkvæma þetta án þess að setja annað hvort ríkissjóð eða lífeyrissjóðakerfið á höfuðið.




**Þórður Snær Júlíusson**

thordur@frettabladid.is


Það eru margar spurningar sem vakna við þennan loforðaflaum. Er gerlegt að afnema verðtryggingu og ef svo er, af hverju hefur það ekki þegar verið gert? Eða er loforð um afnám verðtryggingar einfaldlega næla sem stjórnmálaflokkarnir festa í barminn þegar líður að kosningum, en stinga síðan í vasann þegar aðkoma þeirra að völdum hefur verið tryggð í fjögur ár til viðbótar? Í því samhengi má benda á að allir þeir fimm flokkar sem áttu sæti á Alþingi fyrir kosningarnar 2009 höfðu samþykkt ályktanir um afnám verðtryggingar á landsfundum sínum. Þrátt fyrir þá þverpólitísku sátt lifir hún hins vegar enn góðu lífi.

Augljóst er að margir Íslendingar telja að með loforðum sínum um afnám verðtryggingar felist einhver kjarabót fyrir þá vegna þeirra lána sem þeir eru þegar með. Svo er ekki. Afnám verðtryggingar tekur áratugi, enda ekki hægt að láta hana gilda afturvirkt. Formlegt lagalegt afnám hennar myndi því ekki hafa nein áhrif á þá verðtryggðu lánasamninga sem þegar hafa verið gerðir.

Sumir vilja meina að verðtryggð neytendalán kunni að vera ólögmæt frá því að hin svokallaða MiFID-tilskipun var innleidd á Íslandi í byrjun nóvember 2007. Samkvæmt henni eru verðtryggð lán afleiður sem ekki má selja öðrum fjárfestum en þeim sem hafa sérstaka þekkingu á slíkum fjármálagjörningum. Vísitala neysluverðs hefur hækkað um 45 prósent frá innleiðingu tilskipunarinnar. Verði verðtryggðu lánin dæmd ólögleg frá þeim tíma myndu endurgreiðslur hlaupa á hundruðum milljarða króna. Annaðhvort ríkissjóður, sem á Íbúðalánasjóð (ÍLS), eða lífeyrissjóðir landsins, sem eiga flestar skuldir ÍLS, þyrftu að taka á sig þann kostnað, og fara á hliðina í kjölfarið. Það fengi ekki að gerast.

Varðandi framtíðarlánamöguleika Íslendinga virðist ekki vera mikil þörf á að afnema verðtryggð lán sem valkost. Það hafa neytendur þegar gert upp á eigin spýtur. Á þremur árum 4,5-faldaðist hlutfall óverðtryggðra skulda heimilanna, að yfirdráttarlánum undanskildum. Á fyrstu fjórum mánuðum síðasta árs voru 92 prósent allra nýrra íbúðalána sem bankar veittu óverðtryggð. Á sama tíma hafa neytendur hafnað ÍLS sem lánveitanda. Heildarútlán sjóðsins í desember síðastliðnum voru undir milljarði króna. Upphæð nýrra lána sjóðsins hefur ekki verið minni á einum mánuði, að raungildi, í sjö ár. Í sama mánuði námu uppgreiðslur lána 1,3 milljarði króna, og því var meira greitt upp en lánað var út.

Verðtryggð neytendalán eru galin. Ekkert annað land í heiminum byggir útlánakerfi sitt á slíkum. En þau eru til vegna gjaldmiðilsins. Það er ekki hægt að afnema verðtryggingu nema að skipta út krónunni. Það er ekki ein leiðanna. Það er eina leiðin. Annað er innihaldslaust loft. Vonandi mun komandi ríkisstjórn, sama hvaða flokkar það verða sem í henni sitja, bera gæfu til að sjá þetta.


FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871



**Matarúthlutun hefst hjá Fjölskylduhjálp Íslands**

Fjölskylduhjálp Íslands

Matarúthlutun í Eskihlíð 2-4 Reykjavík er miðvikudaginn 13. febrúar 2013 frá kl. 14 til 16.30.

Hársnyrtingar verða í boði sama dag.

Matarúthlutun í Grófinni 10 C í Reykjanesbæ verður fimmtudaginn 14. febrúar 2013 frá kl. 16 til 18.

Tökum á móti fatnaði á sama tíma.

Söfnunarreikningur 101-26-66090,kt 660903-2590

*Fjölskyldhjálp Íslands*


## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Hætt við að hætta**

Þau tíðindi urðu um helgina að Lilja Mósesdóttir var kjörin formaður Samstöðu á nýjan leik. Þetta kom nokkuð á óvart, enda sögðu sjö af níu stjórnarmönnum sig úr flokknum fyrir tæpum mánuði vegna kröfu Lilju um að hann yrði lagður niður. Þetta hljóta að teljast jákvæðar fréttir, enda varla hægt að draga aðra ályktun af þeim en að Lilja sé hætt við að gera sjálfa sig gjaldþrota og flytja til Noregs – að minnsta kosti í bili.



**Stormur í aðsigi?**

Samstaða fór frábærlega af stað fyrir réttu ári, þegar flokkurinn mældist með yfir tuttugu prósenta fylgi. Fljótlega fór að kvarnast úr áhangendahópnum eftir að varaformaðurinn Siggi stormur gekk úr skaftinu, en í ljósi nýjustu vendinga má kannski gera ráð fyrir að hann snúi senn aftur og flokkurinn nái fyrri styrk. Verst að þau eru búin að ákveða að bjóða ekki fram til þings.



**Nútíminn**

Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, fór lofsamlegum orðum um internetið við afhendingu íslensku vefverðlaunanna á föstudaginn var. Hann nefndi að forsetinn hefði ekki getað neitað Icesave-lögunum staðfestingar ef ekki hefði verið fyrir netið. Það má færa rök fyrir því að það sé rétt hjá honum. Í þeim orðum birtist hins vegar virðing og trú á tæknivæddu nútímasamfélagi sem er merkileg úr munni manns sem er enn þeirrar skoðunar að ómögulegt sé að flytja forsetavald milli manna öðruvísi en með handabandi á bílaplaninu við Leifsstöð.


stigur@frettabladid.is


## HALLDÓR





# Háskalegur blekkingarleikur

VERÐTRYGGING




**Kristinn H. Gunnarsson**

fv. alþingismaður


Um árabil hefur verið stundaður háskalegur blekkingarleikur um áhrif verðtryggingar á lánum. Áróðurinn hefur aukist eftir bankahrunið 2008. Því er haldið fram að lánin hafi stökkbreyst vegna verðtryggingarinnar. Boðað er að lausnin felist í óverðtryggðum lánum. Þá geti lántakendur verið rólegir þrátt fyrir verðbólgu því að höfuðstóll lánanna muni ekki hækka. Til vara er lagt til að setja hámark á verðtrygginguna þannig að verðbólga umfram það verði lántakandanum að kostnaðarlausu. Þarna er alvarleg blekking á ferðinni. Lántakendur eru látnir halda að aðgerðin lækki vaxtakostnaðinn, en staðreyndin er að þeir yrðu að mestu leyti verr staddir en áður ef þessi málflutningur næði fram að ganga.

Ýmsar skýrslur á undanförunum árum, þar með Seðlabanka Íslands, staðfesta að óverðtryggðir vextir eru að jafnaði hærri en verðtryggðir. Askar Capital telur í skýrslu frá mars 2010, sem unnin var fyrir efnahagsráðuneytið, að ætla megi að vaxtastig yrði hærra ef verðtryggingar nyti ekki við. Afnám verðtryggingar á lánum myndi því ekki lækka vaxtakostnað lántakenda, heldur er líklegast að vextirnir yrðu hærri. Sú tillaga að setja þak á verðbætur verðtryggðra lána er villuljós, þar sem þá myndu vextirnir ofan á verðtrygginguna hækka. Það lánar enginn peninga með tapi og þess yrði gætt að vextir og verðtrygging samanlagt yrðu fyrir ofan verðbólguna hverju sinni, rétt eins og gert er í óverðtryggðum lánum.

Í verðtryggðum lánum er áföllnum verðbótum á hverjum gjalddaga dreift á eftirstöðvar af lánstímanum og aðeins hluti þeirra kemur til greiðslu. Ef svokölluð stökkbreytt lán hefðu verið óverðtryggð þegar hrunið varð, hefði hver greiðsla orðið óviðráðanlega há og tugþúsundir hefðu líkast til ekki getað staðið í skilum. En vegna greiðsludreifingarinnar verður skuldin viðráðanleg. Munurinn á verðtryggðum og óverðtryggðum lánum er aðeins hvenær vextirnir og verðbæturnar eru greiddar. Þegar upp er staðið er kostnaðurinn svipaður, þó heldur meiri í óverðtryggðum lánum. Eigi húsnæðislán að vera eingöngu óverðtryggð yrði óhjákvæmilegt að taka upp svipaða greiðsludreifingu á vöxtum og gildir um verðtrygginguna ef ekki á illa að fara. Hvað er þá áunnið með afnámi verðtryggingar? Vandinn liggur í viðvarandi verðbólgu og óábyrgri efnahagsstjórn en ekki í formi vaxtanna. Þeir sem stunda blekkingarleikinn eru vandamál en ekki lausn.


FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is,* Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* og Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Ertu með sterk bein?

HEILSA
Teitur Guðmundsson
læknir



Þegar við erum í blóma lífsins þá finnst okkur sem við séum ósigrandi, sjúkdómar eru hjá flestum sem betur fer víðs fjarri og hrörnun er ekki farin að eiga sér stað að neinu marki. Við erum jafnvel að misbjóða líkamanum um stundarsakir, en hann fyrirgefur yfirleitt fljótt og vel svo lengi sem við hættum því. Það einkennir forvarnir að þær eru jafnan hugsaðar til lengri tíma og árangur erfiðis okkar kemur hugsanlega ekki fram fyrr en eftir mörg ár. Það rýrir þó á engan hátt mikilvægi þeirra, þvert á móti mætti segja að ef við hugsum ekki okkar gang þá getum við misst af lestinni.

Þessi hugsunarháttur á vel við þegar við horfum til fjölmargra atriða er varða heilsu okkar. Það má taka dæmi af þeim sem reykir og gerir um langt árabil að hann er ef svo mætti að orði komast að taka stöðugt út úr bankanum, en leggja ekkert inn. Þeir sem hafa vit á peningum átta sig á því að það gengur ekki til lengdar og á einhverjum tímapunkti eru engar innistæður lengur og þá fara sjúkdómarnir að herja á viðkomandi. Það getur gerst hægt, en einnig afar skyndilega og án fyrirvara eins og við heila- og hjartaáföll.

### Jafnvægi mikilvægt

Þegar við horfum til beinanna þá er ljóst að við þurfum að leggja inn í beinabankann reglubundið frá barnæsku til að byggja upp beinmassa okkar og styrkja beinin, en einnig til að verjast beinþynningu og aukinni hættu á beinbrotum með tilheyrandi óþægindum, verkjum, hreyfiskerðingu og jafnvel færniskerðingu. Beinin okkar eru lifandi vefur sem er stöðugt að endurnýja sig og þarfnast ákveðinna næringarefna til viðbótar við reglubundna hreyfingu og áreynslu hvers konar til að viðhalda styrk sínum. Erfðir skipta auðvitað máli en þegar við erum að vaxa úr grasi er líklega hvað mikilvægast að borða nægjanlegt magn af kalki og D-vítamíni auk þess að neysla á próteini skilar auknum beinmassa. Þó ber samkvæmt rannsóknum að varast of mikla próteinneyslu þar sem slíkt ástand getur virkað þveröfugt og aukið kalkútskilnað og þar með kalktap úr beinum. Þarna eins og svo víða annars staðar er mikilvægt að halda jafnvægi.

### Beinþynning

Hreyfing í hvaða formi sem er og reglubundin áreynsla skilar sterkari beinum og er því mikilvægt að börn og unglingar stundi íþróttir, en það á einnig við um hina fullorðnu. Beinmassinn nær hámarki á kynþroskaaldrinum og fram undir tvítugt en beinin endurnýja sig alla ævina. Um miðjan aldur snýst þetta við og það eykst beintap en slíkt kallast beinþynning og er hún algengari hjá konum en körlum, sérstaklega eftir tíðahvörf. Þá hefur verið bent á það að

> Þó ber samkvæmt rannsóknum að varast of mikla próteinneyslu þar sem slíkt ástand getur virkað þveröfugt og aukið kalkútskilnað og þar með kalktap úr beinum.

sá beinvefur og massi sem safnast saman hjá konum á kynþroskaaldrinum 11-13 ára jafngildi beintapinu sem verður á 30 árum eftir tíðahvörf og því augljóslega mikilvægt að okkur gangi vel á þessum tíma að fylla á forðabúr beinanna.

Rýrnun á beinmassa eða beinþynning er vandamál beggja kynja þó konur séu með aukið beintap sérstaklega um og eftir tíðahvörf, því er nauðsynlegt að huga vel að hreyfingu og reglubundinni inntöku af kalki og D-vítamíni til að vega á móti slíku. En einnig eru notuð lyf til að bæta beinþéttni. Ýmsir þættir hafa áhrif og geta hraðað ferli beinþynningar, en grannar, eldri konur með ættarsögu eru í hvað mestri hættu. Þá hafa sum lyf einnig áhrif til hins verra eins og til dæmis magasýrulyf, krampalyf, þunglyndislyf og svo auðvitað sykursterar sem eru oft notaðir í bólgueyðandi tilgangi til lengri tíma hjá gigtarsjúkum svo dæmi séu tekin.

Því er gott að láta fylgjast með beinþéttni en slíkt er hægt að gera með tiltölulega einfaldri mælingu. Þeir sem eru í aukinni hættu á að fá beinþynningu ættu að láta skoða sig til að meta það hvar þeir standa og fá ráðleggingar um meðferð gerist hennar þörf.

# Match Fixing?

NÝ STJÓRNARSKRÁ



Örn Bárður Jónsson
sóknarprestur og fv. fulltrúi í Stjórnlagaráði

> Þjóðin man þetta og ég trúi því að hún muni ekki gleyma hvernig málin fara á Alþingi á þeim örlagaríku mánuðum sem framundan eru!

Í knattspyrnuheiminum er nú rætt um hagræðingu á úrslitum leikja víða um lönd. Fótbolti lýtur leikreglum þar sem gerðar eru þær kröfur að leikmenn séu heiðarlegir og sannir, sæki fram til sigurs og standi með sínu liði og félagi en semji ekki um niðurstöðu leiksins fyrirfram.

Mér kom þetta í hug þegar mér barst til eyrna að á Alþingi væru menn farnir að möndla með mikilvæg grundvallaratriði og ætli jafnvel að semja um mörkin í „stjórnarskrárkappleiknum". Við þekkjum orðið valdabraskarar eða Power Brokers á ensku sem vísar til þeirra sem víla og díla með valdið.

Nú geri ég mér glögga grein fyrir því að myndhvörf er hægt að nota að vissu marki og bið fólk að oftúlka ekki líkinguna við fótboltann. Líkingin er þó sett fram í fullri alvöru til að minna þá 35 þingmenn á, sem samþykktu að spyrja þjóðina um meginefni frumvarps Stjórnlagaráðs, að standa með eigin samvisku en glúpna hvorki né digna á síðustu mínútum síðari hálfleiks.

Nýlega talaði forseti vor tæpitungulaust um fv. forsætisráðherra Bretlands, Gordon Brown, í viðtali við erlendan fjölmiðil. Inntak orða hans var að Íslendingar muni seint gleyma illum leik hans í refskák valdsins gagnvart þjóð í miklum vanda. Afleik Browns má líkja við fordæðuskap gagnvart þjóðinni sem mun geyma hann sér í minni löngu eftir að Bretar hafa sent hann í ómælisdjúp gleymskunnar ef marka má spádóm þjóðhöfðingjans.

Með hliðsjón af þessum áfellisdómi forsetans vil ég halda því fram að þjóðin muni ekki heldur gleyma þeim sem gætu hugsanlega svikið hana á örlagastund.

Munið, háttvirtir þingmenn, að 83 af hverjum 100 vilja að náttúruauðlindir sem ekki eru í einkaeigu verði lýstar þjóðareign!

Munið að 67 af hverjum 100 vilja að tillögur Stjórnlagaráðs verði lagðar til grundvallar frumvarpi að nýrri stjórnarskrá!

Munið að meirihluti vill Þjóðkirkju í stjórnarskrá, persónukjör, jöfnun atkvæða og rýmkun heimilda til að krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu!

### Munið!

Þjóðin man þetta og ég trúi því að hún muni ekki gleyma hvernig málin fara á Alþingi á þeim örlagaríku mánuðum sem fram undan eru!

Að endingu minni ég á orð séra Hallgríms Péturssonar um réttlæti og heiðarleika:

*Vei þeim dómara, er veit og sér,*
*víst hvað um málið réttast er,*
*vinnur það þó fyrir*
*vinskap manns*
*að víkja af götu sannleikans.*

Háttvirtir þingmenn! Ekkert Match Fixing! Ljúkið leiknum með sóma!




Blå Band bollasúpur - hrein snilld

Blå Band bollasúpurnar eru handhæg og bragðgóð næring sem gott er að grípa til. Þær innihalda ekkert MSG, engar transfitur og aðeins náttúruleg bragð- og litarefni. Fæst í verslunum Hagkaups og Bónus.

BÓNUS HAGKAUP Blå Band




Tryggðu þér miða á www.hhi.is, í síma 563 8300 eða hjá næsta umboðsmanni.

Vinningar dagsins gætu farið yfir

# 80 MILLJÓNIR

## EINN MIÐI – ÞREFALDIR MÖGULEIKAR

A

AÐALÚTDRÁTTUR

**70.000.000**

Í Aðalútdrætti vinna um **3.000** manns allt frá 5 þúsund krónum upp í **25 milljónir**. Að meðaltali eru um **74 milljónir** greiddar út.

10

*MILLJÓNAVELTAN*

**10.000.000**

Í **Milljónaveltunni** drögum við út **10 milljóna** vinning sem hækkar um aðrar **10 milljónir** í næsta mánuði ef hann gengur ekki út.

1

MILLJÓN Á MANN

5 x **1.000.000**

Í **Milljón á mann**, fá **5 heppnir** vinningshafar **eina milljón** króna. Aðeins er dregið úr seldum miðum.

DRÖGUM

**Í DAG**

12. FEBRÚAR

Fáðu þér miða fyrir **kl. 18.00**

HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS

*Vænlegast til vinnings*

# „Sóknarmark“ frjór tími frelsis

SJÁVARÚTVEGUR



Ólafur Örn Jónsson
togaraskipstjóri

Kvótakerfið íslenska var sett á á röngum forsendum og af annarlegum hvötum manna sem ekki gátu sætt sig við að sitja við sama borð og aðrir.

Fámenn klíka manna á vegum frystihúsa á Norðurlandi gat ekki sætt sig við þá framþróun sem átti sér stað í sjávarútvegi. Frelsið og markaðsþróunin var þeim ekki að skapi. Maður úr þeirra pólitísku röðum sat í stól sjávarútvegsráðherra og voru hæg heimatökin að gera breytingu sem tryggði þessum einokunarsinnum þeirra vilja. Losuðu þá við samkeppnina um fiskinn og tryggðu þeim það ódýra hráefni sem þeir höfðu búið húsin til að vinna og losuðu þau við kvöðina að veiða fisk sem þeir kunnu ekki að meðhöndla. Þessir menn skildu ekki og vildu ekki skilja þá hagræðingu sem var að ryðja sér til rúms á SV-landi þar sem „nýju“ fiskmarkaðirnir voru að gera mönnum kleift að sérhæfa hús sín vinnslu á einni eða tveim fisktegundum og láta frá sér aðrar tegundir gegnum markaðina. Þróun sem hugnaðist öllum vel og flýtti fyrir framþróun í vinnslunni.

Í stuttu máli var besta fiskveiðistjórnkerfi veraldar, þróuðu í samvinnu við íslenska sjómenn, og sóknarmarkinu, sem mikil sátt var um, hent fyrir róða og upp tekið versta og spilltasta fiskveiðistjórnkerfi sem völ var á, kvótakerfið illræmda sem aldrei hefur verið sátt um í þrjátíu ár.

**Stærstu markaðssigrarnir**

Fiskveiðistjórn á að stuðla að tvennu. Hámarka afrakstur fiskveiðanna og byggja upp stofnana á sjálfbæran hátt. Báðum þessum markmiðum var náð með sóknarmarkinu og var þróun hröð í að loka smáfiskasvæðum og uppeldisstöðvum á sama tíma og meðferð á fiski tók stórtækustu framförum sem við höfum séð fyrr og síðar. Á þessum árum unnust stærstu markaðssigrar bæði hvað varðar þorsk og karfa sem sýnir hve frjór þessi tími frelsisins var í útgerðinni. Ein stór mistök voru gerð á dögum sóknarmarksins sem annars gekk svo vel, það var afnema „óvart“ takmark á leyfisveitingu fyrir nýja skuttogara. („þeir bara plötuðu mig“ ST). Þessi aukning á skipum seinkaði því að við gætum fjölgað sóknardögum. Þetta hafði ekki áhrif á þær útgerðir sem búnar voru að ná tökum á skuttogaraveiðingunni og voru í góðum rekstri en aðrir sem voru að byrja frá grunni og þeir sem ekki kunnu voru í erfiðleikum og fóru á hausinn. En fátt er svo með öllu illt. Það komu aðrir í staðinn og tóku yfir skipin og breyttu þeim í glæsileg aflaskip og flottar útgerðir, samanber Samherji.

Sátt og mikill sprengikraftur var í Sóknarmarkinu og var það nánast glæpur gegn þjóðinni að afnema þetta kerfi sem gekk svona vel og skilaði svona miklu.

**➜ Þessi aukning á skipum seinkaði að við gætum fjölgað sóknardögum.**

1983, síðasta ár sóknarmarksins, var meiru landað á markaði en nokkru sinni fyrr og eftir stórátök útgerða og sjómanna þar sem sjómenn voru notaðir sem byssufóður útgerðar í baráttu útgerða við ríkið um gengisfellingar var mikill þrýstingur á að allur fiskur færi á markað til að skapa frið. Því miður misstum við af þessu tækifæri en hurfum inn í myrkur einokunar og afturhalds þar sem útgerðirnar héldu utan um „sinn fisk“ og byrjað var að sölsa kvótana undir fáar stórar útgerðir. Sjómenn misstu sína samningstöðu gagnvart útgerðinni og urðu að éta úr lófa þeirra sem þeim var fengið og má sjá niðurlægingu stéttarinnar í „kostnaðarhlutdeildinni“ þar sem allur kostnaður útgerðarinnar er nú tekinn út fyrir skipti þrátt fyrir mesta (gengis) góðæri sem við höfum þekkt. Þessi kostnaðarhlutdeild var fyrst sett á sem „tímabundið“ olíugjald en er nú orðin kolólögleg „kostnaðarhlutdeild“ þar sem farið er bakdyramegin að hefðbundnum hlutaskiptum og launin þannig rifin niður með því að láta sjómenn borga útgerðarkostnaðinn.

*Höfundur er togaraskipstjóri sem rekinn var úr starfi sínu vegna skoðana sinna á fáránleika kvótakerfisins.*

*Næsta grein heitir Eyðilegging kvótans.*




# Jafnræði fyrir fólk en ekki hús

MENNTUN



Gunnar Einarsson
bæjarstjóri Garðabæjar

Jafnræði er fulltrúum M-listans í Garðabæ hugleikið, í grein þeirra um fjárveitingar til skólamála í Garðabæ, sem birtist í Fréttablaðinu 29. janúar. Greinarhöfundar reyna að gera þá ákvörðun bæjarstjórnar tortryggilega, að hækka framlag til Hjallastefnunnar, vegna nemenda á miðstigi sem stunda nám í Barnaskólanum á Vífilsstöðum og segja hana brjóta í bága við jafnræði. Þegar rýnt er í greinina kemur hins vegar í ljós að jafnræðið snýst í þeirra augum ekki um fólk heldur um stofnanir og byggingar.

**Skylt að greiða framlag**

Samkvæmt lögum um grunnskóla eiga einkareknir grunnskólar rétt á framlagi frá sveitarfélaginu vegna nemenda í því sveitarfélagi sem skólinn starfar í. „Skal framlagið nema að lágmarki 75% af vegnu meðaltali heildarrekstrarkostnaðar allra grunnskóla sem reknir eru af sveitarfélögum í landinu á hvern nemanda, samkvæmt árlegum útreikningi Hagstofu Íslands.“

Ástæða þess að miðað er við 75% af kostnaði er að einkareknir skólar geta innheimt skólagjöld af foreldrum fyrir því sem upp á vantar. Í samningi Garðabæjar og Hjallastefnunnar er hins vegar ákvæði um að ekki sé heimilt að innheimta skólagjöld með nemendum búsettum í Garðabæ. Í staðinn greiðir Garðabær 100% framlag með þeim en þó aldrei hærri fjárhæð en sem nemur meðalrekstrarkostnaði grunnskóla Garðabæjar. Grunnskólar Garðabæjar eru vel reknir og því fær Hjallastefnan með hverjum nemanda úr Garðabæ kr. 1.294.020, sem er meðalkostnaður á nemanda í grunnskólum Garðabæjar á móti 1.411.847 kr. skv. útreikningum Hagstofunnar.

**Ekki heimilt**

Í tölu Hagstofunnar er allur kostnaður við rekstur skólanna, þ.m.t. húsnæðiskostnaður. Lögin heimila því ekki að meðalrekstrarkostnaður án húsnæðiskostnaðar sé nýttur til viðmiðunar. Húsnæðiskostnaður skóla er mishár og skýrist m.a. af stærð húsnæðis, aldri þess o.fl. Annar kostnaður er einnig mishár á milli skóla t.d. kostnaður við sérkennslu og launakostnaður. Fullt jafnræði á milli skóla í fjárveitingum verður því aldrei tryggt. Hjá grunnskólum Garðabæjar er húsnæðiskostnaðurinn frá ríflega 200 þúsund kr. á nemanda þar sem hann er lægstur upp í tæplega 900 þúsund kr. þar sem hann er hæstur.

**Rangt farið með**

Í fyrrnefndri grein er húsnæðiskostnaður Barnaskóla Hjallastefnunnar sagður um 60 þúsund kr. á hvern nemanda á ársgrundvelli. Þessi tala segir ekki alla söguna. Hjallastefnan á þrjú hús á lóð Vífilsstaða og leigir að auki þrjár byggingar af Garðabæ. Í greininni er eingöngu horft á kostnað vegna leigunnar en ekki gert ráð fyrir kostnaði vegna húsnæðis í eigu Hjallastefnunnar. Þegar stofnkostnaður þeirra húsa er tekinn með og húsnæðiskostnaður reiknaður á sama hátt og hjá grunnskólum Garðabæjar er kostnaðurinn 225 þúsund kr. á hvern nemanda en ekki 60 þúsund kr.

**➜ Valið er íbúum mikils virði eins og kom skýrt fram í könnun Capacents á árinu 2012 þar sem ánægja með þjónustu grunnskóla mælist hvergi meiri en í Garðabæ.**

**Hagkvæmasta leiðin**

Sú ákvörðun sem áður er nefnd, að hækka framlög til Hjallastefnunnar vegna nemenda á miðstigi, felst einfaldlega í því að hækka framlagið úr 75% af meðalrekstrarkostnaði upp í 100% af meðalkostnaði grunnskóla Garðabæjar, eins og gert er vegna yngri nemenda. Ekki er hægt að bera þetta saman við fjárveitingar til Alþjóðaskólans sem hefur aðsetur í húsnæði Sjálandsskóla og greiðir enga leigu. Í þessum efnum sem öðrum er ávallt hugað að því að fara hagkvæmustu leiðina en tryggja um leið gæði skólastarfsins og valfrelsi nemenda.

**Mikil ánægja**

Í Garðabæ hafa foreldrar frjálst val um skóla fyrir börn sín. Þeir geta valið á milli þeirra skóla sem Garðabær rekur sem og þeirra einkaskóla sem starfa í bænum, án þess að borga skólagjöld. Valið er íbúum mikils virði eins og kom skýrt fram í könnun Capacents á árinu 2012 þar sem ánægja með þjónustu grunnskóla mælist hvergi meiri en í Garðabæ. Allar tilraunir til að nýta skólastarf í Garðabæ til að koma af stað órökstuddum grunsemdum um spillingu eða sverta mannorð einstakra bæjarfulltrúa, líkt og reynt er í grein fulltrúa M-listans, eru ómaklegar og ósmekklegar og síst til þess fallnar að bæta skólastarfið.

**Börnin í fyrirrúmi**

Með frjálsu vali eru börnin í fyrirrúmi. Ætlast er til að skólakerfið komi til móts við þarfir barnanna en ekki öfugt. Fórnarkostnaðurinn er sá að húsnæði skólanna er misvel nýtt frá ári til árs. Í mínum huga er sá fórnarkostnaður léttvægur. Í mínum huga snýst jafnræðið um fólkið, það snýst um jafna möguleika allra barna til að stunda nám í þeim skóla sem þeim hentar best, en ekki um stofnanir eða byggingar.

**visir.is**
Lengri útgáfu af greininni má lesa á visir.is

## AF NETINU

### Tvískinnungur

Gaman væri að vita hvort fyrirtæki telja það eðlilegt að menn mæti þunnir eða hálfir í vinnuna. Þunnur maður er að jafna sig eftir að hafa eitrað sjálfan sig með alkahóli og er í raun ekki hæfur til vinnu, hvað þá á sjó eða á vinnuvél. Heilu starfsstéttirnar halda þorrablót og drekka sig blindfullar. Félagsleg hópeitrun en þetta er viðurkennd hegðun.

Það ríkir hér gríðarlegur tvískinnungur í garð vímuefna. Áfengi er kannski sá vímugjafi sem drepur flesta, sundrar fjölskyldum og kostar þjóðfélagið mest. En ástæða þess að menn sýna áfenginu slíka undirgefni hér á landi er að gríðarlegur fjöldi manna notar það og getur ekki hugsað sér að sleppa því.

Þeir sem setja lögin eru þeir sem fylgja þeim, nota áfengi og það er viðurkennt og talið einfaldlega í lagi. Börn drekka, útihátíðir eru haldnar þar sem börnin rúlla um dauðadrukkin þúsundum saman en svo er fíknó að vafra þarna inn um ofureitraðan fjöldann að leita að kannabis!

http://www.bubbi.is/index

*Bubbi Morthens*



**ÓÐRUVÍSI RÓFUR**
**Flestir borða rófur með saltkjöti, yfirleitt soðnar og stappaðar. Til að breyta til er gott að skera rófur í bita, raða í eldfast mót, væta með olíu og hunangi og bragðbæta með salti og pipar. Baka við 200°C í 35 mínútur.**




Faxafen 10 • 108 Reykjavík • sími 568 2870
Opið mán.-fös. kl. 11.00-17.00, lau. 11.00-15.00 • www.friendtex.is • praxis.is • soo.dk




# 10.001 SÆNG SELD

**LÍN DESIGN KYNNIR** *Í vikunni fagnar Lín Design merkum áfanga því á sex árum hefur verslunin selt tíu þúsund dúnsængur til ánægðra viðskiptavina.*

Orðspor útsofinna og hamingjusamra sængureigenda hefur nú selt tug þúsunda dásamlegra og alltumvefjandi dúnsænga," segir Helga María Bragadóttir, annar eigenda Lín Design.

„Í sængunum er eingöngu það allra besta og slíkt skilar sér til ánægðra notenda," heldur Helga María áfram. „Sængurnar eru fylltar með hundrað prósent hvítum andadúni og í þeim er ekkert fiður. Það er vegna þess að fiður gegnir ekki öðru hlutverki en að vera til uppfyllingar og þyngir sængurnar, auk þess að vera órakadrægt," útskýrir Helga María.

Ánægðir viðskiptavinir Lín Design vita að hverju þeir ganga því framleiðsla á sængunum hefur haldist óbreytt frá árinu 2005.

„Þá lögðum við mikið upp úr því að finna framleiðanda sem uppfyllti skilyrði okkar milliliðalaust, sem og 9001 ISO-framleiðslustaðalinn. Við vitum því nákvæmlega hvaðan dúninn kemur og höfum vottun um að hann er aldrei tíndur af lifandi fugli. Dúninn er heldur aldrei hreinsaður með kemískum efnum því þau sitja eftir í dúninum þegar hann þornar. Þá notum við eingöngu hundrað prósent, afar mjúka og rakadræga bómull utan um sængurnar, sem er litað með húðvingjarnlegum litum," upplýsir Helga María.

Lín Design selur sængur fyrir fullorðna og börn.

„Valið er einfalt því sængurnar okkar eru allar eins, hvort sem þær eru í barna- eða fullorðinsstærðum. Við bjóðum aðeins það allra besta og sængurnar eru í senn hlýjar, léttar og einstaklega rakadrægar," útskýrir Helga María.

Sængur Lín Design eru hólfaðar svo dúninn haldist á réttum stað og sængin í haldi jöfnum hita.

„Í dag er úrelt að þurfa að hrista sængur svo dúninn dreifist um þær. Við hólfum einnig ungbarnasængurnar sem er mikilvægt öryggisatriði og kemur í veg fyrir að dúnn safnist fyrir á einum stað sem svo skapar hættu á of þungri sæng yfir höfði ungbarnsins."

Sængum Lín Design fylgir þriggja ára ábyrgð.

„Sængurnar halda fullum gæðum í allt að tólf ár og lengur með réttri umhirðu. Gott er að þvo sængur tvisvar á ári og við mælum með að þær séu þvegnar heima og þurrkaðar í þurrkara. Þannig er tryggt að kemísk efni komist ekki í dúninn," útskýrir Helga María, en nákvæmar þvottaleiðbeiningar má finna á heimasíðu Lín Design.

„Í febrúar lækkum við verð á öllum sængum um þrjátíu prósent. Þá býðst fullorðinssæng á 23.490 krónur í stað 33.490. Okkur er annt um að sem flestir upplifi sanna vellíðan og góðan nætursvefn með sængur- og rúmfatnaðinum okkar."

**YNDISLEGUR NÆTURSVEFN** Helga María Bragadóttir á og rekur Lín Design með Braga Smith. Í bakgrunni eru vandaðar dúnsængur sem umvefja nú tíu þúsund úthvílda kroppa. MYND/VILHELM

## SOFÐU RÓTT

***Skoðaðu heillandi úrval vandaðra og fallegra sængur- og rúmfata á heimasíðu Lín Design: www.lindesign.is***


lifestream™
12 ÁRA VELGENGNI Á ÍSLANDI
Eingöngu lífrænt ræktuð bætiefni
Hámarks næringargildi og upptaka í líkamanum








Stuðningsstöngin er hjálpar- og öryggistæki sem auðveldar fólki að vera virkt og athafnasamt við daglegt líf án þess að þurfa að reiða sig á aðra. Margir iðjuþjálfarar, sjúkraþjálfarar og læknar hafa mælt með stuðningsstönginni fyrir sína skjólstæðinga.

- Auðveld í uppsetningu.
- Engar skrúfur eða boltar.
- Tjakkast milli lofts og gólfs.
- Hægt að nota við hallandi loft, 0–45° timbur/gifsloft.

Vilji
vilji.is
...léttir þér lífið
Sími 856 3451 • www.vilji.is

- Margir aukahlutir í boði.
- Falleg og nútímanleg hönnun.
- Passar allstaðar og tekur lítið pláss.
- Stillanleg frá 225–307 cm lofthæð, togátak allt að 205 kg.

Stuðningsstangirnar hafa fengið verðlaun fyrir notagildi, öryggi og hönnun á alþjóðlegum hjálpartækjasýningum.


**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar**
Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn:
**Jónína María Hafsteinsdóttir**
**jmh@365.is** s 512 5473
**Sverrir Birgir Sverrisson**
**sverrirbs@365.is,** s 512 5432
**Elsa Jensdóttir**
**elsaj@365.is** s. 512-5427




## HAMINGJA OG ÞYNGD

**ÁST**
**Samkvæmt nýlegri könnun sem framkvæmd var af Southern Methodist-háskólanum í Dallas eru hamingjusamlega gift hjón líklegri til að vera of þung fremur en hinir óhamingjusömu. Alls tóku 169 nýlega gift hjón þátt í könnuninni og var fylgst með þeim í fjögur ár. Hjónin svöruðu reglulega spurningum um líðan í hjónabandinu auk þess sem fylgst var með líkamsþyngd þeirra.**



**Greinilega kom í ljós að þeir sem lifðu hamingjusömu lífi höfðu tilhneigingu til að þyngjast. Þeir sem voru að íhuga skilnað héldu sér frekar í kjörþyngd.**
**Margar rannsóknir hafa verið gerðar á áhrifum hjónabands á heilsu. Í nýlegri rannsókn sem gerð var af háskólanum í Ohio eru það frekar konurnar sem þyngjast eftir að þær ganga í hjónaband. Talið er að margar konur hætti að velta útlitinu fyrir sér þegar þær hafa krækt í sinn heittelskaða.**



# KALORÍUR Í ÁFENGI

**GLEYMDAR KALORÍUR** *Rannsóknir sýna að fólk á það til að líta fram hjá áfengi þegar það reynir að skera niður kaloríur. Þær geta þó numið allt að tíu prósentum af heildarkaloríufjölda þess sem drekkur nokkuð reglulega.*

Samkvæmt Alþjóðakrabbameinsrannsóknarsjóðnum (WCRF) koma um það bil 10 prósent heildarkaloríufjölda þeirra sem drekka reglulega úr alkóhóli. Hins vegar vill fólk oft sniðganga áfengi þegar það hugar að mataræði og telur ekki kaloríufjöldann sem áfengið inniheldur. Þetta skiptir í sjálfu sér ekki máli fyrir þann sem drekkur áfengi sjaldan, en fyrir þann sem á það til að sturta í sig reglulega fjölgar kaloríunum fljótt. Annar ókosturinn við áfengi er sá að það hefur mjög lítið næringargildi til samanburðar við mat. Þá hafa rannsóknir sýnt að fólk er alla jafna illa upplýst um kaloríufjölda í áfengum drykkjum. Eitt gramm af alkóhóli inniheldur sjö kaloríur sem er einungis tveimur kaloríum minna en eitt gramm af hreinni fitu. Prótein og kolvetni innihalda fjórar kaloríur og trefjar innihalda um tvær.

Á heimasíðu WCRF, www.wcrf-uk.org, er að finna reiknivél fyrir kaloríufjölda hinna ýmsu drykkja. Þar má til dæmis lesa að sá sem drekkur að meðaltali einn stóran bjór á dag innbyrðir í kringum 1750 kaloríur á viku sem er svipað og að úða í sig 21 súkkulaðikexköku.

Til þess að losa sig við þessar umfram kaloríur þarf viðkomandi að ganga í sex klukkutíma og ellefu mínútur.

Ef vaninn er að bregða sér svo þar fyrir utan á barinn og taka ærlega á því einu sinni í viku bætist það ofan á. Ef við gefum okkur að þar væru drukknir fimm stórir bjórar, tvö léttvínsglös og einn tvöfaldur vodki í kók., þá myndu bætast við aðrar 1750 kaloríur. Samtals 3500 kaloríur, eða þúsund kaloríum meira en fullorðnum karlmanni er ráðlagt að innbyrða á einum degi.

Kaloríur eru þó ekki það versta þegar kemur að áfengisneyslu. Ýmsar tegundir krabbameins hafa verið tengdar henni, svo sem brjóstakrabbamein, krabbamein í munnholi og krabbamein í þörmum og lifur ásamt fleiri sjúkdómum.

Þá er vitað að kostnaður samfélagsins vegna áfengisneyslu og afleiðinga hennar hleypur á milljörðum, fyrir utan allar þær þjáningar sem henni geta fylgt.

**vidir@365.is**

**KALORÍUR EKKI ÞAÐ VERSTA** Þær eru margar meinsemdirnar sem fylgt geta áfengisneyslu. Sennilega er sú léttvægasta kaloríufjöldi í áfengum drykkjum.











# BÍLAR

ÞRIÐJUDAGUR 12. FEBRÚAR 2013

**Fréttablaðið**

**Reynsluakstur - KIA Sorento**
**Minni vélar en sama afl**
**Vatnabíll nasista**
**Subaru Forester**





# Ólík sala umboðanna til bílaleiga

Í fyrra jafnt sem á undanförnum árum voru bílaleigubílar vænn hluti þeirra nýju bíla sem seldust á árinu. Í allt seldust um 7.900 nýir bílar og 46,5% þeirra voru bílaleigubílar, eða 3.635. Mjög misjafnt er milli bílaumboða hversu hátt hlutfall bílaleigubíla var af sölu þeirra. Eins og sést á meðfylgjandi töflu var það sýnu hæst hjá Suzuki eða 76,3% en lægst hjá Öskju, 31,6%.

| | Seldir bílar | Bílaleigubílar (nýtt) | Einkabílar | Hlutfall bílaleigubíla | Hlutfall einkabíla |
|---|---|---|---|---|---|
| **Askja** | 888 | 281 | 607 | 31,6% | 68% |
| **Benni** | 457 | 193 | 264 | 42,2% | 58% |
| **Bernhard** | 428 | 148 | 280 | 34,6% | 65% |
| **BL** | 1269 | 494 | 775 | 38,9% | 61% |
| **Brimborg** | 862 | 389 | 473 | 45,1% | 55% |
| **Hekla** | 2007 | 991 | 1016 | 49,4% | 51% |
| **Suzuki** | 535 | 408 | 127 | 76,3% | 24% |
| **Toyota** | 1329 | 705 | 624 | 53,0% | 47% |
| **Aðrir** | 50 | 26 | 24 | 52,0% | 48% |
| **Samtals:** | **7825** | **3635** | **4190** | | |

### Hekla seldi flesta en Suzuki með hæst hlutfall

Flesta bíla til bílaleiga seldi hins vegar söluhæsta bílaumboðið, Hekla með 991 bíl og næstflesta Toyota eða 705 og það þriðja er BL með 494 bíla. Þessi röð er sú sama og á við um alla bíla selda á árinu. Fjórða söluhæsta umboðið til bílaleiga er Suzuki en umboðið er það sjötta söluhæsta í heildarsölu en sölulægst í bílum til almennings. Í sölu bíla til almennings er Hekla söluhæst með 1.016 bíla og BL næstsöluhæst með 775 bíla. Toyota seldi 624 bíla til almennings en þó nokkuð lægra er Suzuki-umboðið með 127 bíla.

### Flestir Toyota-bílar

Forvitnilegt er líka að skoða sölu til bílaleiga milli einstakra bílgerða. Þar trónir hæst Toyota með 705 bíla, Volkswagen 539, Suzuki 408, Skoda 309, Kia 279, Ford 257 og Chevrolet 193 bíla. Hæsta hlutfall nokkurrar bílgerðar til bílaleiga er Mitsubishi með 76,7%, þá Suzuki 76,3%, Ford 55,4%, Toyota 53,0%, Nissan 52,3% og Volkswagen 50,6%. Því voru það sex bílgerðir sem seldust meira til bílaleiga en almennings í fyrra og tvær þeirra í mjög miklum meirihluta.

### Fáir í lúxusflokki

Hjá bílaleigum er oftast fátt lúxusbíla og endurspeglast það í þessum tölum. Af 136 seldum Mercedes Benz-bílum voru tveir þeirra bílaleigubílar, eða 1,5%. Af BMW voru 5,4% bílaleigubílar, Volvo 8,5% en þó stingur í stúf að 44,3% seldra Audi-bíla voru til bílaleiga. Eitt bílamerki enn selst mjög lítið til bílaleiga en það er Subaru en af 92 seldum nýjum bílum voru aðeins fimm þeirra til bílaleiga, eða 5,4%.



Bílaleigur keyptu 46,5% allra nýrra bíla á síðasta ári.













Öflug 197 hestafla vél sem eyðir samt aðeins 6,7 lítrum á hundraði.
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Flottur jepplingur af stærri gerðinni

**Með miklu innanrými og stórri og öflugri dísilvél er Sorento meiri bíll en margur annar jepplingurinn.**

Einn af stærri jepplingum sem bjóðast hér á landi er Kia Sorento. Sorento hefur selst vel hér á landi undanfarin ár og 115 ný eintök komu á götuna í fyrra og 94 árið 2011. Í fyrra var því einn af hverjum 69 nýju bílum sem komu á götuna af gerðinni Kia Sorento. Kia Sorento á systurbíl í Hyundai Santa Fe og deila þeir fleiru en vélbúnaði. Nýjasta árgerð Sorento er talsvert breytt frá fyrri gerð og munar vel um þær breytingar. Þessi breyting telst þó ekki til nýrrar kynslóðar bílsins, en hann kom fyrst með þessu útliti af 2010 árgerð. Bíllinn fær nú algerlega nýjan og betri undirvagn, en dulitlar útlitsbreytingar hafa einnig orðið á honum sem og jákvæðar breytingar í innanrými. Að utan munar mestu á fram- og afturenda bílsins og hann hefur nú fengið lóðrétt þokuljós sem setja nokkuð nýjan svip á laglegan bílinn.

## Léttari, stífari og betri

Kia Sorento var bæði prófaður í nágrenni Barcelona sem og við erfiðari vetraraðstæður hérlendis. Sorento hefur fengið alveg nýja fjöðrun sem gert hefur hann að mun betri akstursbíl. Í hann er nú notað mun meira hástyrktarstál en áður sem gert hefur hann bæði léttari og stífari. Sorento er þó áfram jepplingur af stærri gerðinni og fyrir þyngd hans og stærð finnst og allar hreyfingar hans minna enn þá meira á jeppa en fólksbíl. Á móti kemur að hann er einstaklega rúmur og mikill bíll sem tekur marga farþega og mikinn farangur. Engin breyting hefur orðið á vélinni sem í boði er, hún er áfram 2,2 lítra dísilvél, 197 hestafla og togar 422 Nm. Sorento er aðeins í boði hér á landi með þessari vél, enda lítil ástæða til annars. Í fyrsta lagi er þetta afar góð vél og öflug og hún er sparneytin að auki og eyðir aðeins 6,7 lítrum í blönduðum akstri. Með henni er þessi tæplega 1.900 kg jepplingur 10,7 sekúndur í hundraðið og einhvern veginn skortir hann aldrei afl. Fyrir vikið verður Sorento ári skemmtilegur bíll að leika sér á ef sá gállinn er á manni. Hann á þó nokkuð mikið í land að jafna akstursánægju úrvalsjeppa eins og Porsche Cayenne eða BMW X5, en hafa verður í huga að þar er um að ræða helmingi dýrari bíla og því er sá samanburður allt að því ósanngjarn. Margir aðrir jepplingar sem bjóðast eru með mun aflminni vélar svo það verður að teljast með einum stærsta kosti Sorento hversu öflugur hann er. Með þessa sterku vél getur hann að auki tekið í tog tveggja tonna aftanívagn. Það eykur sannarlega notagildi hans. Sorento er með 6 gíra sjálfskiptingu sem vinnur vinnuna sína rétt, lítið finnst fyrir




**Kia Sorento**

**2,2 dísilvél – 197 hestöfl**
**Fjórhjóladrif**
**Eyðsla:** 6,7 l./100 km í blönduðum akstri
**Mengun:** 175 g/km CO2
**Hröðun:** 10,7 sek.
**Hámarkshraði:** 190 Km/klst
**Verð:** frá 7.760.777 kr.
**Umboð:** Askja




Nýr Sorento fær alveg nýjan og betri undirvagn og fjöðrun. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



skiptingum hennar og hún skilar aflinu fumlaust til allra hjólanna.

### Stærri en flestir jepplingar

Að innan hefur Sorento í sjálfu sér lítið breyst. Mælaborðið er eins og gera má ráð fyrir, hvorki augnakonfekt né neitt til að særa augað og enn ber á notkun á ódýrara plasti þó svo sveigurinn fyrir framan stýri sé úr mýkra efni með stöguðum saumi. Sætin í bílnum eru öll ágæt og rýmið fyrir aftursætisfarþega er með því besta og höfuðrými dugar hálfgerðum risum. Ef Sorento er keyptur í Luxury eða Premium útfærslu er hann með falleg leðursæti. Reynsluakstursbíllinn var í Luxury-útfærslu með ljósa leðurinnréttingu og þannig útbúinn er hann glettilega laglegur að innan. Sorento má fá í þremur misdýrum útfærslum, Classic, Luxury og Premium. Sá ódýrasti er með tausæti, en ágætan staðalbúnað og kostar 7.760.777 kr. Bæta




Kia Sorento á systurbíl í Hyundai Santa Fe.

þarf við ríflega sex hundruð þúsundum upp í Luxury-bílinn og er hann þá með rafstýrð leðursæti, bakkmyndavél, LCD-mælaborð, LED-ljós, regnskynjara og fleira að auki. Dýrasta Premium-útfærslan krefst þó milljón ofan á það. Þá fylgir Panorama-glerþak, 18 tommu álfelgur, hiti í stýri, þriðja sætisröðin, kæling í framsætum, lyklalaust aðgengi, sjálfvirkt bílastæðakerfi og leiðsögukerfi með Íslandskorti og 7 tommu upplýsingaskjár. Þessum nýja Sorento hefur farið mikið fram hvað hljóðeinangrun snertir sem færir hann nær lúxusbílum. Kia Sorento er sem fyrr bíll þar sem kaupandinn fær heilmikið fyrir peninginn, ágætlega smíðaður og honum fylgir sjö ára ábyrgð ef eitthvað skyldi nú klikka. Hann er mjög stór af jepplingi að vera, góður ferðabíll en alls ekki óheppilegur í borgarumferðinni með sína penu eyðslu. Gera má ráð fyrir að hann seljist vel áfram hér á landi.




Látlaus en stílhrein innrétting. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



Mjög gott skottrými. Aftursætin eru fyrir fullorðna og rýmið yfirdrifið.





## VATNABÍLL NASISTA – SCHWIMMWAGEN

**Smíðaðir voru** 14.265 Schwimmwagen-bílar í seinna stríðinu fyrir þýska herinn, 163 þeirra eru enn til og aðeins í upprunalegu ástandi. Þessi söfnunargripur er um margt óvenjulegur bíll og orðinn mjög fágætur, en kaupandi hans þarf að punga út að lágmarki 185.000 dollurum til að krækja í hann. Brátt verður einn slíkur til sölu á uppboði í Connecticut. Það sést glögglega á bílnum að hann var smíðaður til óvenjulegra nota, en Schwimmwagen er, eins og nafnið bendir til, bíll sem kemst áfram í vatni og flýtur eins og bátur. Hann er með utanborðsmótor sem fella má niður ef farið er um vatn og þá virka framhjólin sem stýri eins og á föstu undirlagi. Undirvagninn er alveg sléttur og mjög hátt undir hann. Í honum er 25 hestafla fjögurra strokka línuvél með 4-gíra kassa og fjórhjóladrifi sem virkaði í fyrsta gír og bakkgír, en fór af í hærri gírum. Schwimmwagen var framleiddur af Volkswagen á árunum 1942-44 og er sá bíll sem framleiddur hefur verið í flestum eintökum af lands- og láðarbílum. Eins og sést á myndinni er áföst byssa framan á bílnum. Pústkerfið er fyrir ofan skottið því ekki getur það verið neðarlega á bíl sem ferðast í vatni.



## NÝR SUBARU FORESTER HEFUR ALDREI VERIÐ SPARNEYTNARI

Nýr Subaru Forester er nú kynntur með sparneytnustu BOXER-bensínvél sem Subaru hefur boðið í fjórhjóladrifinn Subaru hingað til. Þrátt fyrir sítengt aldrif sem alltaf er til staðar þegar á þarf að halda er uppgefin eldsneytisnotkun Forester með 2,0 lítra vél ekki nema 6,5 l/100 km í blönduðum akstri. Togkúrva nýju 2.0l BOXER-vélarinnar er flatari en áður og því meira tog á lágum snúningi og einnig við efri mörk snúningsvægis. Þessi breyting eykur nýtingu eldsneytis með mýkri akstri á jafnari snúningi. $CO_2$ útblásturstala nýju vélarinnar er einungis 150g/km á sjálfskiptum Forester.

**Kominn með CVT sjálfskiptingu**

Sjálfskiptingin í Forester er svokölluð „Lineartronic“ stiglaus CVT sjálfskipting sem drifin er með keðju í stað reimar og er því snarpari í svörun og viðbragði við breyttum aðstæðum í akstri auk þess sem nýting eldsneytis er betri. Í sjálfskiptum gerðum Forester er alltaf flipaskipting á stýrinu. Bæði fram- og afturfjöðrun hefur verið endurbætt.

# *Minni vélar – minni mengun – sama afl*

Þróunin á vélum sem eru minni og eyðslugrennri er geysihröð. Þetta hefur leitt til þess að fyrir vikið er hægt að notast við minni vélar í bílana án þess að fórna afli þeirra. Til dæmis er nú 1,0 lítra vél í Ford Focus sem er jafn aflmikil og 1,6 lítra vélin sem hún leysir af hólmi og eyðir 20% minna og er 30% léttari. Fiat er með 0,5 lítra tveggja strokka vél í 500 Twinair bíl sínum sem eyðir 3,4 lítrum á hundraðið og mengar 95 g/km af koltvísýringi. Volkswagen er líka mikill brautryðjandi í smíði lítilla og sparneytinna véla í bíla sína. Hin einstaka 1,4 lítra TSI bensínvél Volkswagen, sem er með túrbínu og hverfilblásara, er nú aflmeiri en 2,3 lítra vél var fyrir skömmu. BMW mun brátt kynna þriggja lítra vélar í smærri bíla sína og svona mætti lengi áfram telja. Það eru hreinlega allir bílaframleiðendur að minnka vélar sínar og fyrir vikið verða þær mun sparneytnari, án þess að afli sé fórnað. Þessi hraða þróun á mestan þátt í minnkandi mengun frá bílum og mun hún halda áfram að minnka hratt á næstu árum. Því er spáð að árið 2018 verði meira en helmingur nýrra bíla með minni vélar en 1,2 lítra og að 16% þeirra verði minni en eins lítra.





## BÍLAR & FARARTÆKI

bifreidar.is

577 4777



CHEVROLET Avalanche 4x4. Árgerð 2003, ekinn 132 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.990. þús. flott eintak Rnr.105636.

**bifreidar.is**
**Réttarháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 577 4777**
**Óskum eftir vinnuvélum og bifreiðum á skrá.**
**http://www.bifreidar.is**

VAKA



Vinnuvéla- Lyftara- og Bifreiðaflutningar á verði fyrir þig.

**Vaka**
**Skútuvogi 8, 104 Reykjavík**
**Sími: 567 6700**
**24 tíma þjónusta**
**http://www.vakahf.is**

ASKJA NOTAÐIR BÍLAR



SUBARU Legacy lux. Árgerð 2008, ekinn 84 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.990.000. Rnr.140136.



OPEL Astra enjoy sjálfsk.. Árgerð 2005, ekinn 130 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.190.000. Rnr.160529.



KIA Sportage ex 4wd. Árgerð 2012, ekinn 27 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 5.490.000. Rnr.990293.

**ASKJA notaðir bílar**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

bilauppbod.is

**PARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**

Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**

LITLA bílasalan www.litla.is 587 7777



KIA Sorento. Árgerð 2008, ekinn 65 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.690.000. Rnr.147799.

**Litla bílasalan**
**Eirhöfða 11, 110 Rvk.**
**Sími: 587 7777**
**www.litla.is**

TOYOTA Reykjanesbæ



Land Rover Discovery 3 S 08.2008 ekinn 94 þ. km. Dísel, sjálfskiptur, 7 manna, krókur, topplúga, Nýtt í bremsum, auka dekk og skíðaborgar fylgja. Tilboð 5,750,000,-

**Toyota Reykjanesbæ**
**Njarðarbraut 19, 260 Reykjanesbær**
**Sími: 420 6600**

100bílar.is bílasala



LAND ROVER RANGE ROVER SUPERCHARGED, Árg 2/2007, ekinn 93 Þ.KM, Með öllum aukabúnaði, lítur mjög vel út, Ásett verð 7.950þ.kr Rnr.116686. Er á staðnum,



CHEVROLET Tahoe Z71 4x4 Off Road, Árg 1/2012, ek 18 Þ.KM, Bensín/Metan, 7 manna, Leður, Lúga, Bakkmyndavél, Rafm. hleri, DVD, Ásett verð 11.890.000. Rnr.117696. Er í salnum,

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardögum 11-15.**
**www.100bilar.is**

STÓRA BÍLASALAN



Nissan Pathfinder SE Árgerð 2008, ekinn 86þ.km, ssk, 7 manna, krókur o.m.fl! Flott eintak sem er á staðnum. Verð 4.390þ.kr. Raðnr. 154346. Sjá nánar á www.stora.is

**Stóra bílasalan**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**Myndeftirlit á plani**
**http://www.stora.is**

### Bílar til sölu



Skoða octavia 1.9 dísel framdrifinn til sölu Ekinn 140.000. Upplýsingar í síma 660-8782



**TILBOÐ 370ÞÚS.**

Toyota Yaris Sol 1.0 Árg. ,99 ek. 231. þús. Febrúartilboð 370. þús. stgr. Uppl. s: 697 4540 Bjarki.



**TIL SÖLU FLOTTUR TOYOTA AVENSIS**

ÁRG 2006, BENSIN, 1,8 vél, sjálfskiptur í mjög góðu ástandi. Hlaðinn aukabúnaði. 4 álfelgur með sumar dekkjum, og 4 stálfelgur með dekkjum fylgja með, Verð 2,3 millj, áhv. 870 þús. tilboð óskast. Upplýsingar í síma 691 3531.

Gríptu tækifærið
Niðurgreiddir
Nissan Leaf & Ford Focus
Islandus Ódýrari Bílar
www.islandus.is - Sími 552 2000

Gríptu tækifærið núna! Nissan Leaf, Ford Focus rafbílar fá frábæra dóma. Útvegum bíla með niðurgreiðslum frá USA. 90% lægri rekstur skosnaður. Rafbílar, Metanbílar, Metanbreytingar, Bensín, Díselbílar. Betra verð á nýjum og notuðum bílum frá öllum helstu framleiðendum.www.islandus.is S. 5522000

### 0-250 þús.



**EKINN AÐEINS 118ÞÚS !!**

Opel Vectra árg. ,01, ekinn aðeins 118þús, ný skoðaður 2014, ný yfirfarin á verkstæði, ný tímareim, góð dekk, vel með farinn bíll í góðu ástandi, Tilboðsverð aðeins 430þús, möguleiki á 100% visa/euro láni, uppl. í s:659-9696.

### 250-499 þús.



**SJÁLFSKIPTUR SMÁBÍLL 290 ÞÚS!**

DAIHATSU SIRION CX 1.0 12V ek.130 þús, sjálfskiptur, 5 dyra, góð vetrardekk, skoðaður, vel viðhaldinn og góður bíll sem eyðir sáralítu verð 290 þús. s.841 8955.

### Bílar óskast

**!!! 0-250ÞÚS STAÐGREITT !!!**

Óska eftir að kaupa bíl fyrir allt að 250þús., bíllinn má þarfnast lagf. eða skoðunar, helst ekki eldri enn ,98, skoða allt. Hringdu í síma 659 9696.

### Sendibílar

568 5000 NS NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

KEYRSLA.IS Sími 820-3880

Ódýr sendibílaþjónusta. Heimsendingar og fyrirtækjaþjónusta. www.keyrsla.is S:820-3880

### Húsbílar

Húsbíll óskast sem hentar fyrir tvo. S:849-4320. Netfang: ingi66@hotmail.com

### Pallhýsi



FIS hús með olíumiðstöð,gaseldavél og svefnplássi fyrir fjóra. V. 990.000kr Uppl. 8402131.

### Bílaþjónusta

**NÚ ÞÚ SJÁLFSÞJÓNUSTA**

Hvaleyrarbraut 2 hfj. Gerðu við bílinn sjálfur lyftur, verkfæri og nóg pláss á staðnum. Opið alla daga S. 663 2042

### Varahlutir

PARTASaLaR . IS

Sendu eina fyrirspurn á 39 PARTASaLa og þeir svara þér ef hluturinn er til. www.partasalar.is

**VW - SKODA - VARAHLUTIR**

Eigum varahluti í VW, Skoda og Audi og Pajero frá ,02 Kaupum bíla til niðurrifs og uppgerðar. Bílabúið, Kaplahrauni 11 220 hfj. S. 534 1045.

**SMÁPARTAR.IS**

Eigum mikið úrval af varahlutum í Subaru árg. ,97 til ,02, Skoda Octavía árg. ,00 til ,07. Honda CR-V árg. ,05.W Polo ,07 Passat ,01. Suzuki Baleno árg. ,00. Smápartar.is Sími 5675040-7785040.

**JAPANSKAR VÉLAR BÍLAPARTASALA**

Eigum úrval varahluta í Japanska og Kóranska bíla og fleiri teg. Kaupum bíla. Opið 8-18 virka daga. S. 565 3400 & 893 2284. www.japanskarvelar.is / www.carparts.is japvel@carparts.is

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Skoda Oktavia árg. ,03, Honda Civic og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

## ÞJÓNUSTA

### Pípulagnir

**FAGLÆRÐIR PÍPARAR**

Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

### Hreingerningar

Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Gluggaþvottur. Gerum verðtilboð. www. hreingerningar.is S. 772 1450

### Garðyrkja

GARÐLIST 554 1989 www.gardlist.is

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Málarar

**MÁLNINGARÞJÓNUSTA REYKJAVÍKUR**

20% afsláttur fyrir eldriborgara og öryrkja. Alhliða málningarþjónusta. S. 778 0100.

**MÁLARAMEISTARI**

Tek að mér alla almenna málningarvinnu f. húsfélög, einstaklinga og fyrirtæki. Fagmennska og sanngjarnt verð. Egill s. 868 5171.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald

Parketslípun
sólpallaslípun | parketlagnir
551 1309 / 690 5115
golflist@golflist.is
www.golflist.is
Gólflist
99% RYKFRÍTT

**DREN OG KLÓAKLAGNIR!**

Tökum að okkur endurnýjun á dren og klóaklögnum ásamt almennri jarðvinnu. Uppl. 869 1700/868 4043. jardlausnir@gmail.com

**HÚSASMÍÐAMEISTARI**

Tek að mér alla almenna smíðavinnu jafnt nýsmíði sem viðhald. Öll réttindi. S: 848 4031

### Nudd



Kínverskt sogskálanudd. Langar þig að losa af frumu og umfram fitu. Ert þú með harðsperrur eftir æfingu eða vöðvabólgu hafa samband við Sulanudd. Opið frá 10 til 16 panta tíma í síma 771 2117.

### Tölvur

**APLÚS TÖLVUÞJÓNUSTA**

Sanngjarnt verð. Sæki og sendi heim. S. 822 7668 www.aplus.is

### Spádómar

Nympha-dora
Tarot-lestur og Kristalkúla með leiðsögn að handan
562 8211

**SPÁSÍMI LÁRU 907 2012**

Spámiðlun, tarotlestur, hvað viltu vita á nýju ári ? Algjör trúnaður. Opið frá 13-23.

Spái í spil, ræð drauma, ekkert mínutu gjald. Tímapant. s. 891 8727 Stella.

### Rafvirkjun

Raflagnir
Dyrasímar
Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.
Fljót og góð þjónusta
Sími 893 1733
Jón Jónsson
Löggiltur rafverktaki
www.raflagnir.is

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**

Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. Rafneisti@gmail.com

### Önnur þjónusta

Blekhylki.is

Ódýr blekhylki í flesta prentara, ný verslun í Hagkaup Smáralind, einnig á Fjarðargötu 11 Hf og í síma 517-0150

## KEYPT & SELT

### Til sölu

**ELDVARNARHURÐIR**

Til sölu hvítmálaðar eldvarnarhurðir sem nýjar með öllu þar með talið sjálflokandi lömum.

Verð aðeins kr.65.000,- án/vsk.

**Upplýsingar í síma 822-7303 / eirikur@stracta.is**

**RÚMBOTN FYRIR QUINSIZE DÝNU Á TRÉFÓTUM**

Til sölu 6 ára gamall rúmbotn fyrir quinsize stærð (153 x 200) keyptur í Svefn og heilsu. Verð 15 þús.

**Uppl. í s. 699 2778 ef. hádegi.**

**RAFMAGNSRÚM 90X200**

Til sölu vel með farið 3ja ára rafmagnsrúm 90x200, frá Svefn og Heilsu, nafn á dýnu Iq care. Kostar nýtt 195 þús, selst á 95 þús.

**Upplýsingar í síma 663 4552**

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

**STAÐGREIÐUM GULL, DEMANTA OG ÚR.**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is
**Opið alla daga 11-18, Kringlan - 3. hæð ( Hagkaupsmegin )**
**Upplýsingar í síma 661 7000.**

**KAUPI GULL !**
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

## Verslun

**Kynlíf er GOTT!**
PENOMET.IS
ELSKENDUR.IS
FLESHLIGHT.IS
BATHMATE.IS
849-0698
ALLA DAGA 10-22



**BEAUTY IN BLACK HOLTSBÚÐ 61 GARÐABÆ**
30-50% afsl af öllu. Opið þrið-föst frá 13-18. www.beautyinblack.is

## HEILSA

## Heilsuvörur

GREEN PEOPLE
Organic Lifestyle

**20% KYNNINGARAFSLÁTTUR**
af lífrænu húð-, hár - og snyrtivörum frá Green People. Fyrir alla fjölskylduna: Dömu-, herra-, unglinga- og barnalína. 100% náttúrulegt. Ditto, Smiðjuvegi 4 (græn gata), 200 Kópavogi. Opið mán-fös: kl 12-18, lau: kl 12-15. Sími 517-8060. www.ditto.is

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

**NUDD OG HEILSA**
Margar teg. af NUDDI. Einnig DETOX-úthreinsun, FÓTAAÐGERÐIR og SNYRTING. Viðráðanleg verð og þú kemst fljótt að. Opið frá 12-18 alla daga nema sun. S. 823 8280. www.nuddogheilsa.is

## Þjónusta



**VARANLEGT REYKSTOPP EFTIRFYLGNI Í 1 ÁR**
Viðar Aðalsteinsson mannræktarráðgjafi. www.theta.is. Upplýsingar í s. 694-5494.

## HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Til leigu 3 herb íbúð með sérinngang í Grafarvogi. Íbúðin leigist með öllum húsgögnum og húsbúnaði frá 15.maí til 15.ágúst. Uppl í síma 895 8582

Til leigu er glæsileg íbúð í 150 ára gamallri kastalahöll í S Frakklandi með rúmum fyrir fjóra. Frábær staður, frábært umhverfi með náttúru, vínekrum, sundlaug og kyrrð. 880 Evrur vikan, hægt að leigja staka viku. Uppl í síma 895 8582

**GISTIHEIMILI - GUESTHOUSE WWW.LEIGUHERBERGI.IS**
1-2 manna herb. á Funahöfða 17a og 19 og Dalshraun 13 Hfj. Rooms for 1-2 persons in Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj.
**Uppl/info í S. 824 4535. frá kl. 10-20. www.leiguherbergi.is**

## Húsnæði óskast

Reglusöm hjón með 2 börn óska eftir húsnæði til leigu í 220 Hafnarfirði fyrir 1. mars. Uppl. í S. 699 6068/865 4986.

## Atvinnuhúsnæði

Skrifstofuhúsnæði Réttarhálsi. Hef til leigu 3 skrifstofuherbergi, sameiginleg setustofa. Leiguverð 25-35000 á mán. Tilvalið t.d. fyrir fasteignasala sem vill starfa sjálfstætt. Kemur ekki til greina að leigja sem íbúðarhúsnæði. Upplýsingar gefur Högni í síma 895-4444.

**51,6 M2 IÐNAÐARBIL**
Tvö bil af þessari eftirsóttu stærð til sölu eða leigu. 10 m2 milliloft að auki. Lofthæð: 3,9 m. Hurð 3,6 m. Góðir gluggar. Sýningarbil á staðnum. Facebook/Steinhella 14. S: 660-1060 og 661-6800.

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sér geymslur frá 3.900. 1-17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**GEYMSLULAUSNIR.IS**
Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

## Gisting

Vinnubúðir á Reyðarfirði til sölu, henta vel til gistingar. 5 búðir, 10 einingar hver. 457 m2. 30 herbergi í hverjum búðum ásamt annari aðstöðu. Verða til sýnis eftir samkomulagi. Gunnþór sími 661 1800.

## ATVINNA

## Atvinna í boði

**VERSLUNIN KVOSIN, INGÓLFSTORGI.**
óskar eftir framtíðar starfsfólki á fastar kvöld vaktir. Viðkomandi verður að vera 18 ára eða eldri, reyklaus og með mikla þjónustulund.
**Áhugasamir sendið uppl. og ferilsskrá á netfangið kjartan@kvosin.is**

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA EÐA JÁRNABINDINGAMENN?**
Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.
**Starfsmannaþjónustan S. 661 7000.**

**Blaðberinn bíður þín**

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.

Blaðberinn...



...góðar fréttir fyrir umhverfið

## fasteignir

**Berjarimi 20**
112 Reykjavík
Eign sem vert er að skoða!

Stærð: 63 fm
Fjöldi herbergja: 2
Byggingarár: 1994
Fasteignamat: 15.650
Bílskúr: Já

RE/MAX Alpha



Opið Hús

**Miðvikud. 13.02. milli kl. 17.00-17.30**

**Verð: 17.900.000**

Falleg 2ja herbergja 63fm íbúð með sér inngangi við Berjarima.

Stæði fylgir íbúðinni í bílageymslu og er geymsla innaf stæðinu. Sameiginleg bílaþvottaaðstaða er í bílageymslu, einnig er sameiginleg dekkjageymsla og fundarherbergi.



Hörður Björnsson
Sölufulltrúi
**660-8002**
hb@remax.is



Sylvía Daníelsd.
Sölufulltrúi
**660-7401**
sylviadan@remax.is



Haukur Halldórsson
Lögg. fast. hdl.
**4777777**
haukurhalldors@remax.is

RE/MAX Alpha - Skeifan 17 - 108 Reykjavík - Sími: 4777777 - www.remax.is

## atvinna

# Skjalastjóri

**Rannís óskar eftir skjalastjóra í fullt starf.** Starfið felur í sér umsjón með skjalastjórnunarkerfi og skjalastjórnunarstefnu Rannís, þjónustu við starfsfólk stofnunarinnar og miðlun þekkingar og fræðslu.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Haldbær reynsla á sviði skjalastjórnunar
- Þekking á GoPro.net eða sambærilegu kerfi áskilin
- Skipulögð og öguð vinnubrögð og færni til að tjá sig í ræðu og riti
- Góð íslenskukunnátta
- Góð kunnátta í ensku og einu Norðurlandamáli
- Góð samskiptafærni áskilin
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Samviskusemi og metnaður til að ná árangri í starfi með því að veita góða þjónustu

Upplýsingar um starfið veitir Herdís Þorgrímsdóttir, sviðstjóri rekstrarsviðs, sími 515 5800, netfang herdis.thorgrimsdottir@rannis.is.

**Umsóknarfrestur er til og með 26. febrúar 2013**
Umsækjendur sendi umsókn með ferilskrá í tölvupósti ásamt afriti af prófskírteini á netfangið rannis@rannis.is. Í efnislínu skal umsóknin auðkennd með: *Starfsumsókn skjalastjóri.*
Við ráðningu í starfið verður tekið mið af jafnréttisáætlun Rannís. Laun greiðast samkvæmt viðeigandi kjarasamningi við fjármálaráðuneytið. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun hefur verið tekin um ráðningu.

Rannís er miðstöð stuðningskerfis vísinda- og tæknisamfélagsins, menntunar og þróunar mannauðs ásamt menningar og skapandi greina. Rannís stuðlar að þróun þekkingarsamfélagsins í gegnum rekstur samkeppnissjóða, aðstoð og kynningu á alþjóðlegum sóknarfærum og samstarfsmöguleikum auk þess að greina og kynna áhrif rannsókna, menntunar og menningar á þjóðarhag. Hlutverk Rannís er að veita faglega aðstoð og þjónustu við undirbúning og framkvæmd vísinda- og tæknistefnu Vísinda- og tækniráðs.

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

rannís
Laugavegi 13, 101 Reykjavík
sími 515 5800, rannis@rannis.is
www.rannis.is

**UPPSLÁTTARMENN**
Erum með vana uppsláttarmenn sem óska eftir mikilli vinnu.
**Upplýsingar í s. 777 2 333**
**Handafl ehf**

Læknablaðið
THE ICELANDIC MEDICAL JOURNAL

**Læknablaðið – Auglýsingastjóri**
Læknablaðið óskar eftir starfskrafti frá 15. mars. Starfið er 50% og viðkomandi safnar auglýsingum í blaðið, hefur vefumsjón og sinnir almennum ritarastörfum. Vinsamlega sendið umsóknir um starfið fyrir 25. febrúar nk. til blaðsins ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf, rafrænt: vedis@lis.is – eða í pósti: Læknablaðið, v/ starfsumsóknar, Hlíðasmára 8, 201 Kópavogi.

Barnaheill
Save the Children á Íslandi
Vissir þú að...
börn eiga rétt á vernd gegn ofbeldi?

# REAL MADRID
# MAN. UTD.

MIÐVIKUDAG KL. 19.30

UEFA CHAMPIONS LEAGUE




2 SPORT HD ALLIR LEIKIRNIR Í 16 LIÐA ÚRSLITUM Í BEINNI!

## RISARNIR MÆTAST Í MEISTARADEILDINNI

Útsláttarkeppni bestu liðanna í Meistaradeild Evrópu byrjar með látum. Hvaða stórveldi komast áfram? Hvaða ofurstjörnur sitja eftir með sárt ennið? **Sjáðu flottasta boltann í leiftrandi háskerpu!**

2 SPORT HD ÞRIÐJUDAG KL. 19.30
**CELTIC – JUVENTUS**

2 SPORT 3 ÞRIÐJUDAG KL. 19.30
**VALENCIA – PSG**

2 SPORT 3 MIÐVIKUDAG KL. 19.30
**SHAKHTAR DONETSK – BORUSSIA DORTMUND**

**Fáðu þér áskrift** | 512 5100 | stod2.is | Verslanir Vodafone | Verslanir og þjónustuver Símans 800 7000

2 SPORT HD

# Vilja bæta læsi og auka lífsgæði

## Málþing um ólæsi á Íslandi verður í Norræna húsinu í dag á vegum Lions.

Í ljósi þess að alþjóðlegar Pisakannanir hafa sýnt að um 23% 15 ára stráka á Íslandi og níu prósent stúlkna teldust ekki geta lesið sér til gagns efnir Lions til málþings í Norræna húsinu í dag með yfirskriftinni Ólæsi á Íslandi. Þar mun fagfólk fjalla um þennan vanda og leita lausna. Menntamálaráðherra opnar málþingið og frá Háskóla Íslands koma Steinunn Torfadóttir, lektor í lestrarfræði og sérkennslu, og Guðmundur Kristmundsson, dósent í íslenskukennslu og lestrarfræði og flytja erindi. Þá kemur einnig fram Andri Snær Magnason rithöfundur og svo leggur Lionsfólk sitt til málanna.

Málþingið er milli klukkan 16.30 og 18.30. Samkvæmt fréttatilkynningu frá Lions er markmiðið með málþinginu að kveikja áhuga almennings þannig að unnt verði að bæta læsi Íslendinga, bæði barna og fullorðinna og auka þar með lífsgæðin.

Aðgangur er ókeypis og allir eru velkomnir.



**ANDRI SNÆR** Innlegg Andra Snæs nefnist Eitt orð segir meira en þúsund myndir. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

---

✝



Minningarathöfn um,

**ERLEND FRANKLÍNSSON**

sem lést í Óðinsvéum þann 13. janúar síðastliðinn fer fram í Fríkirkjunni í Reykjavík laugardaginn 16. febrúar kl. 13.00. Blóm og kransar eru afþakkaðir en þeim sem vilja ánafna einhverju til eftirlifandi barna er vinsamlega bent á Rnr.: 331 13 737474, kt.: 2906022030

**Fjölskylda og vinir.**

---

✝



Okkar hjartkæra eiginkona, móðir, tengdamóðir, amma, langamma og systir,

**FJÓLA ELESEUSDÓTTIR**
**frá Bíldudal,**
**Laugalæk 1, Reykjavík,**

sem lést 1. febrúar á Hjúkrunarheimilinu Skjóli, verður jarðsungin frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 12. febrúar kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Parkinsonsamtökin.

**Baldur Ásgeirsson**
**Svala Sigurjónsdóttir** — **Gunnar V. Guðnason**
**Fjóla Ósk Gunnarsdóttir** — **Jón Ingólfsson**
**Guðni Gunnarsson** — **Guðrún Arna Gylfadóttir**
**Jón Kr. Ólafsson**
**og langömmubörn.**

---

✝



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**GUÐMUNDUR ÓLI ÓLAFSSON**
**fyrrv. yfirflugumferðarstjóri,**

andaðist á Landspítalanum föstudaginn 8. febrúar. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju fimmtudaginn 14. febrúar kl. 11.00.

**Margrét Sigbjörnsdóttir**
**Sigurður Óli Guðmundsson** — **Hrönn Gísladóttir**
**Kristbjörn Óli Guðmundsson** — **Hildur Valsdóttir**
**Ólafía Guðmundsdóttir** — **Davíð Hermannsson**
**Kristín Guðmundsdóttir** — **Benedikt Gústavsson**
**Hafdís Dögg Guðmundsdóttir** — **Arnar Bjarnason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**JÓHANNA GUÐJÓNSDÓTTIR**
**Suðurgötu 8, Keflavík,**

lést fimmtudaginn 7. febrúar á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju föstudaginn 15. febrúar kl. 14.00.

**Hafdís Hafsteinsdóttir**
**Haukur Hafsteinsson** — **Þóra G. Gísladóttir**
**Svala Hafsteinsdóttir** — **Magnús B. Magnússon**
**Brynja Hafsteinsdóttir** — **Skúli Jónsson**
**Sigrún Hafsteinsdóttir** — **Björn Pétursson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Elskuleg frænka, vinur og svilkona,

**ÓSK JÓNSDÓTTIR**

áður Álfhólsvegi 105, lést á Hrafnistu Hafnarfirði miðvikudaginn 6. febrúar 2012. Jarðarför hennar fer fram frá Kópavogskirkju föstudaginn 15. febrúar kl. 13.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**

**Guðrún Daníelsdóttir**
**Þorbjörn Daníelsson** — **Anna Jóna Guðjónsdóttir**
**Kristín Guðmundsdóttir**

---

✝



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**GÍSLI ÓLI JÓNSSON**
**vélfræðingur,**
**Rauðagerði 67, Reykjavík,**

sem lést sunnudaginn 3. febrúar, verður jarðsunginn frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 14. febrúar kl. 13.00.

**Bergvin Gíslason**
**Margrét Gísladóttir** — **Karl Kristján Hreinsson**
**Anna Gísladóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Ástkær eiginkona, móðir og amma,

**LÁRA EÐVARÐSDÓTTIR**

lést á Hjúkrunarheimilinu Skógarbæ laugardaginn 9. febrúar. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Óskar Sörlason**
**Tryggvi Hermannsson** — **María Huynh**
**Eðvarð Hermannsson** — **Elsa Jónasdóttir**
**Emil Þór Emilsson** — **Ingibjörg Einarsdóttir**
**Kristinn Már Emilsson** — **Margrét Alexandersdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Okkar ástkæra

**SVEINBJÖRG HERMANNSDÓTTIR**

lést á Hjúkrunarheimilinu Skjóli 7. febrúar sl. Útförin verður auglýst síðar.

**Júlíana Ruth Woodward**
**Arndís S. Sævarsdóttir** — **Eiríkur Sigurðsson**
**Margrét S. Sævarsdóttir** — **Ólafur Þ. Þórðarson**
**Erla S. Sævarsdóttir** — **Jón Óskar Gíslason**
**Bryndís Ósk Sævarsdóttir** — **Sigurður Á. Pétursson**
**barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn.**

---

✝



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**STEINUNN UNNUR HÁKONARDÓTTIR (Lilla)**
**frá Flatey á Breiðafirði.**
**síðast til heimilis að Eyjabakka 6, Rvk.,**

verður jarðsungin frá Kópavogskirkju fimmtudaginn 14. febrúar kl. 13.00.

**Ingunn Karítas Indriðadóttir** — **Jóhann Sæberg Helgason**
**Guðný Vigdís Indriðadóttir**
**Indriði Indriðason** — **Anna Árdís Helgadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Elsku eiginmaður minn, pabbi okkar, sonur, tengdasonur, bróðir, mágur og frændi,

**SIGURÐUR SVEINN PÉTURSSON**

varð bráðkvaddur að heimili sínu í Noregi miðvikudaginn 6. febrúar. Útför fer fram í Noregi 15. febrúar. Minningarathöfn á Íslandi verður auglýst síðar.

**Silja Sjöfn Björgúlfsdóttir**
**Sól Sigurjónsdóttir** — **Ari Steinar Sigurðarson**
**Magnea G. Sigurðardóttir** — **Pétur Steinar Jóhannesson**
**Silja Sjöfn Eiríksdóttir** — **Björgúlfur Lúðvíksson**
**og fjölskylda.**

---

✝



Elskuleg eiginkona, móðir, tengdamóðir og amma,

**BIRNA STEINGRÍMSDÓTTIR**
**hjúkrunarfræðingur,**

lést af slysförum þann 3. febrúar. Útförin fer fram frá Digraneskirkju miðvikudaginn 13. febrúar kl. 15.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hennar er bent á björgunarsveitirnar.

**Þórarinn Hannesson**
**Drífa Harðardóttir**
**Vala Þórarinsdóttir**
**Heiða Þórarinsdóttir**
**tengdasynir og barnabörn.**

---

✝



**EDVALD BOASSON**
**f. 28.01.1927**

døde fra oss på A-hus 7. februar 2013
Når storfurua går i bakken tar det lang tid før plassen gror igjen.

Útförin fer fram frá Nittedal Kirke föstudaginn 15. febrúar kl. 13.00.

**Svein Edvald** — **Mildrid**
**Inger Helene**
**Signe** — **Odd-Erik**
**Bodil** — **Stein Tore**
**Ragnhild** — **Ole**
**barnebarn, oldebarn**
**øvrige familie.**

---

✝



Ástkær systir mín og frænka,

**SÓLEY BRYNJÓLFSDÓTTIR**
**frá Hrísey,**
**Hraunbæ 102h, Reykjavík,**

verður jarðsungin frá Árbæjarkirkju fimmtudaginn 14. febrúar kl. 13.00.

**Hallfríður Brynjólfsdóttir**
**Sigurveig Alfreðsdóttir** — **Gunnar H. Hall**

---

✝



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæra sambýlismanns, föður, tengdaföður og afa.

**VILBERGS ARNAR NORMANN**
**vélfræðings og rennismiðs**

sem lést á Landspítalanum Fossvogi 28. janúar sl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar,**
**Guðrún Perla Richter**
**María Normann** — **Örn Sigurbjörnsson**
**Davíð Normann**
**Kolbeinn Normann** — **Elín Björk Guðbrandsdóttir**
**Karl Jóhann Normann**
**barnabörn og aðrir aðstandendur.**

---

✝



Okkar ástkæri,

**GUÐMUNDUR SKAFTASON**
**fv. hæstaréttardómari,**
**Lundi 1, Kópavogi,**

andaðist 9. febrúar sl. Útförin fer fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Valgerður Guðmundsdóttir** — **Páll Svavarsson**
**Skafti Guðmundsson** — **Gro Kraft**
**Sigrún Guðmundsdóttir** — **Magnús V. Magnússon**
**afa- og langafabörn**

---

✝



Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**GUÐRÚN HANNESDÓTTIR**
**frá Austvaðsholti, Landsveit,**
**síðast til heimilis að Hringbraut 50, Reykjavík,**

lést mánudaginn 28. janúar síðastliðinn. Útförin fór fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Ingibergur Sigurðsson** — **Helga I. Þormóðsdóttir**
**Magnús G. Sigurðsson** — **Rannveig Skaftadóttir**
**Hannes Þ. Guðrúnarson** — **Laufey Waage**
**barnabörn og langömmubörn.**

COOLER MASTER · ASUS · acer · ace · msi · Seagate · SanDisk · MANHATTAN · CORSAIR
Logitech · Sarotech · TOSHIBA · SAMSUNG · RAZER · WACOM · PHILIPS · WD

# STÓRÚTSALA

## ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR

FARTÖLVUR • SPJALDTÖLVUR • TÖLVUSKJÁIR
BORÐTÖLVUR • PRENTARAR • TURNKASSAR • SKJÁKORT
MINNISLYKLAR • HARÐIR DISKAR • FARTÖLVUTÖSKUR • MÓÐURBORÐ
FLAKKARAR • NETBÚNAÐUR • BLEK • PAPPÍR • ÍHLUTIR • HÁTALARAR
SJÓNVARPSFLAKKARAR • TÓNERHYLKI • VIFTUR • VEFMYNDAVÉLAR
GEISLADISKAR • VEFMYNDAVÉLAR • LYKLABORÐ • MINNISKORT • SKANNAR

## AÐEINS NOKKRIR DAGAR EFTIR

MIKIÐ ÚRVAL AF TÖLVUVÖRUM Á STÓRÚTSÖLUVERÐI.
NÝJAR VÖRUR, B VÖRUR, SÝNINGAREINTÖK OG
ÚTLITSGALLAÐ Á DÚNDURAFSLÆTTI!

2.000 VÖRUR Á ÚTSÖLU

SÝNINGAREINTÖK OG ÚTLITSGALLAÐ Á BOTNVERÐI

EINA ÚTSALA ÁRSINS!

tl.is

STÓRÚTSALA SAMTÍMIS Í 6 VERSLUNUM UM ALLT LAND

OPIÐ 10 - 18

SKOÐAÐU ÚRVALIÐ Á TL.IS




TÖLVU LISTINN

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | HAFNARFJÖRÐUR |
|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | REYKJAVÍKURVEGI 66 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | Sími 414 1750 |

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**ÞRIÐJUDAGUR 12. FEBRÚAR 2013**

### Félagsvist

**20.00** Félagsvist verður spiluð hjá Félagi eldri borgara í Reykjavík, Stangarhyl 4.

### Tónlist

**20.30** Standard Issue kvartett kemur fram á djasskvöldi KEX Hostels, Skúlagötu 28. Lengra komnir nemendur frá Tónlistarskóla FÍH koma einnig fram og áherslan verður á djass-standarda. Aðgangur er ókeypis.

**21.00** Edgar skemmtir á Café Rosenberg.

### Fyrirlestrar

**12.00** Dr. Natalia Loukacheva fjallar um höfuðlínur og þróun heimskautaréttar í stofu M102 í Sólborg við Norðurslóð.



**12.05** Dagný Kristjánsdóttir, prófessor í íslenskum bókmenntum við Háskóla Íslands, heldur erindið Saga handa börnum í fyrirlestrarsal Þjóðminjasafns Íslands. Erindið er hluti af hádegisfyrirlestraröð Sagnfræðingafélags Íslands.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is*

# Líkist tröppum

MYNDLIST ★★★☆☆

**Líkist**
Baldur Geir Bragason
**GALLERÍ KUNSTSCHLAGER**

Rétt við Hlemmtorg, í gömlu verslunarhúsnæði við Rauðarárstíg 1, er komið nýtt gallerí fyrir samtímamyndlist. Galleríið heitir Kunstschlager og er rekið af fimm ungum myndlistarmönnum. Í fremri sal gallerísins eru haldnar sýningar en í innri sal gallerísins er eins konar myndlistarbasar, eins og starfsmaður gallerísins orðaði það þegar undirritaður kom í heimsókn. Þar er með öðrum orðum hægt að kaupa myndlist eftir ýmsa myndlistarmenn, bæði þá sem reka galleríið og aðra.

Þar inni er mest um málverk og teikningar, sem hanga þétt upp um alla veggi með verðmerkingar sér við hlið, en einnig eru í rýminu höggmyndir og bækur, listræn íslensk tímarit og ljóðabækur.

Það er rétt að hvetja áhugamenn til að kíkja þarna inn og skoða úrvalið, enda eru ekki margir staðir í bænum þar sem hægt er að nálgast úrval af myndlist yngri kynslóðarinnar með góð kaup í huga.

Í fremri sal gallerísins stendur nú yfir sýning myndlistarmannsins Baldurs Geirs Bragasonar. Þessi salur er hvítmálaður í hólf og gólf, öfugt við innra rýmið þar sem er heimilislegri stemning og hlýlegri.

Baldur hefur fengist mestmegnis við höggmyndagerð og sýningin í galleríinu samanstendur einmitt af tveimur höggmyndum. Þetta eru tveir nánast alveg eins skúlptúrar sem eru eins og spegilmynd hvor af öðrum.

Um er að ræða tvær steinsteyptar tröppur með nokkrum þrepum. Á báðum tröppunum eru handrið sem búin eru til úr bronslitum rörum og bronslitum, svörtum og þykkum rafmagnsvírum. Ef handriðin væru ekki bæði vinstra megin á tröppunum mætti auðveldlega raða þeim saman og mynda einar „venjulegar" tröppur, en tröppurnar eins og þær eru í galleríinu eru ekki venjulegar.

Munurinn á tröppunum tveimur, sem eru báðar þríhyrndar að segja má, þ.e. eins og fleygar, er sá að önnur trappan byrjar í engu og breikkar svo út, en hin byrjar á breiðari endanum og mjókkar svo upp.

Titill verksins er Líkist. Listamaðurinn gæti átt við með þessu að tröppurnar líktust hvorri annarri. Þær líktust tröppum, þó þær væru ekki tröppur, að höggmyndirnar líkist einhverju sem er venjulegt og við þekkjum úr daglega lífinu, en sé ekki alveg eins – minni á eitthvað, en er ónothæft. Eins og myndlist!

Þetta er ekki fyrsta verk listamannsins sem líkist einhverju, en er það ekki.

Tröppur geta haft ýmsa skírskotun. Menn klífa metorðastiga, eða falla niður þá, og talað er um valdapíramída, og tröppur eru einnig eins og inngangur að einhverju.

Að mörgu leyti koma höggmyndirnar út eins og skynvillur og verður manni hugsað til frægra teikninga Eschers, af stigunum endalausu.

Í texta í sýningarskrá bendir Ásmundur Ásmundsson m.a. á mögulegar tilvísanir í nærumhverfi gallerísins, eins og Frímúrarahúsið handan götunnar.

Verk Baldurs Geirs bera vott um mikla sköpunargleði, auk þess sem efnismeðferðin er honum mikilvæg. Hér er það steinsteypa og járn, sem spilar vel saman í þessum ágæta verki.

Frágangur í salnum hefði mátt vera vandaðri, þar sem rafmagnssnúrur og millistykki hanga neðan úr lofti.

**Þóroddur Bjarnason**

**NIÐURSTAÐA:** Verkið er áhugaverður snúningur á hlut sem við þekkjum vel úr umhverfi okkar.



**LÍKIST** Skúlptúrarnir líkjast venjulegum tröppum og virðast spegla hvorn annan en eru, þegar betur er að gáð, hvorki spegilmyndir né nothæfar tröppur.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

ÓDÝRT!
NICOTINELL FRUIT

Verðsamanburður á Nicotinell Fruit og þremur vinsælustu tegundum sígaretta

# Það er ódýrara að nota Nicotinell Fruit heldur en að reykja!




**Í þessum samanburði er gert ráð fyrir því að einstaklingurinn tyggi eitt tyggjó fyrir hverja sígarettu sem hann reykti*****

| Tegund | Fjöldi í kartoni | Meðalverð pr. karton* | Meðalverð pr. sígarettu | Meðalverð pr. pakka |
|---|---|---|---|---|
| 3 vinsælar tegundir | 200 | 11.407 | 57.04 | 1.141 |

| Tegund | Bragð | Styrkleiki | Pakkning | Meðalverð pr. pakka** | Meðalverð pr. tyggjó | Meðalverð x20 | Sparnaður |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Nicotinell | Fruit | 2 mg | 24 | 608 | 25.33 | 507 | -56% |
| Nicotinell | Fruit | 2 mg | 96 | 2.437 | 25.39 | 508 | -55% |
| Nicotinell | Fruit | 2 mg | 204 | 4.511 | 22.11 | 442 | -61% |
| Nicotinell | Fruit | 4 mg | 96 | 3.491 | 36.36 | 727 | -35% |
| Nicotinell | Fruit | 4 mg | 204 | 6.280 | 30.78 | 616 | -46% |

2013 NCH 007 Nicotinell

* Verðkönnun framkvæmd af MMR, 29. janúar 2013 í 10-11, Stöðinni, N1, Olís, Hagkaup, Krónan, Samkaup og Nóatún.
** Verðkönnun framkvæmd af MMR, 29. janúar 2013 í 16 apótekum.
***Í flestum tilfellum nægir að nota á bilinu 8-12 tyggjó á dag. Mest skal nota 25 stk. af 2 mg og 15 stk. af 4 mg

Nicotinell er samstarfsaðili Krabbameinsfélagsins

Nicotinell Fruit lyfjatyggigúmmí, inniheldur 2 eða 4 mg . nikótín. Til meðferðar á tóbaksfíkn en lyfið dregur úr nikótínþörf og fráhvarfseinkennum og það auðveldar þar með reykingarfólki sem vill hætta að reykja, að hætta og auðveldar þeim sem ekki geta hætt, eða eru tregir til þess, að draga úr reykingum. Ekki má nota Nicotinell Fruit ef þú reykir ekki og ekki má reykja samhliða notkun Nicotinell Fruit. Ráðlagður skammtur fer eftir því hversu háð/-ur þú ert reykingum. Þú skalt nota Nicotinell Fruit 4 mg ef þú ert með mikla nikótínþörf, reykir fleiri en 30 sígarettur/sólarhring eða ef þér hefur ekki tekist að hætta að reykja með notkun 2 mg lyfjatyggigúmmís. Annars skaltu nota Nicotinell Fruit 2 mg ef reykt er minna en 20 sígarettur á sólarhring. Ef þú færð aukaverkanir við notkun stærri skammtsins skaltu íhuga minni skammt í staðinn. Tyggið hægt þar til finnst sterkt bragð, látið tyggigúmmíið hvíla á milli kinnar og tannholds, tyggið aftur þegar bragðið dofnar, endurtakið í um 30 mínútur. Ekki má kyngja lyfjatyggigúmmíinu. Í upphafi meðferðar skaltu venjulega nota eitt stk á 1 2 klst. fresti þegar þú finnur fyrir reykingaþörf. Venjuleg notkun er 8-12 stk í á sólarhring. Þú mátt ekki nota fleiri en 25 af 2 mg eða meira en 15 af 4 mg lyfjatyggigúmmí á sólarhring. Lengd meðferðar er einstaklingsbundin en varir yfirleitt í a.m.k. 3 mánuði, þá skal draga úr fjölda stk. smám saman. Meðferð skal hætt þegar neyslan er komin niður í 1-2 stk á sólarhring og er ekki mælt með notkun lengur en í 1ár. Sumt reykingafólk gæti þó þurft lengri meðferð til þess að forðast að byrja aftur að reykja. Leitaðu faglegrar ráðgjafar hjá lækni eða lyfjafræðingi ef þú getur ekki hætt að nota lyfið eftir eitt ár eða ef þér tekst ekki að fækka fjölda reyktra sígaretta eftir 6 vikur. Reykingum skal hætt um leið og einstaklingurinn er tilbúinn til þess, þó ekki síðar en eftir 6 mánaða meðferð. Leita skal faglegrar ráðgjafar ef ekki hefur tekist að hætta reykingum eftir 9 mánaða meðferð. Ráðfærðu þig við lækni eða lyfjafræðing áður en þú notar Nicotinell því ekki er víst þú megir nota lyfið ef þú hefur: ofnæmi fyrir einhverju innihaldsefna lyfsins,fengið einhverja hjarta eða æðasjúkdóma, sykursýki, ofvirkan skjaldkirtil/nýrnahettur, ert með alvarlega skerta nýrna- og/eða lifrarstarfsemi, með magasár eða gervitennur. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Sjá notkunarleiðbeiningar í fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Lítið magn af nikótíni er hættulegt börnum og getur valdið alvarlegum einkennum eða dauða. Markaðsleyfis hafi: Novartis Consumer Health S.A. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ




Einfalt

# Tex Mex Tortilla pizza

BONUS HAGKAUP

## KROSSGÁTA



**LÁRÉTT**
**2.** íþrótt, **6.** hvort, **8.** efni, **9.** farvegur, **11.** kringum, **12.** bit, **14.** enn lengur, **16.** strit, **17.** þjálfa, **18.** æðri vera, **20.** pfn., **21.** nabbi.

**LÓÐRÉTT**
**1.** klöpp, **3.** pot, **4.** reiðufé, **5.** fát, **7.** fáskiptinn, **10.** dorma, **13.** útsæði, **15.** máttur, **16.** siða, **19.** tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. golf, 6. ef, 8. tau, 9. rás, 11. um, 12. glefs, 14. áfram, 16. at, 17. æfa, 18. guð, 20. ég, 21. arða.
**LÓÐRÉTT:** 1. berg, 3. ot, 4. lausafé, 5. fum, 7. fáláttur, 10. sef, 13. fræ, 15. magn, 16. aga, 19. úð.


HÚSEIGN
Fasteignamiðlun


Baldvin Ómar
Lögg. fasteignasali

**OPIÐ HÚS – að Víkurbakki 36, Rvk.**
**HÚSEIGN KYNNIR,**
**opið hús að Víkurbakka 36, Reykjavík**
**kl. 18-18.30 þriðjudaginn 12. febrúar.**




Um er að ræða fallegt 188,9 fm raðhús að Víkurbakka í neðra Breiðholti þar af er bílskúr sem er ca. 20 fm. en auk þess er ca. 20 fm rými sem ekki er í heildartölu. Allar nánari upplýsingar veitir Óskar S. 585-0100 og í gsm 866-8808

**Suðurlandsbraut 48 • 108 Reykjavík • Sími: 585 0100 • Fax: 585 0109**
huseign@huseign.is • www.huseign.is • Opið mán.-fim. 10-18 • fös. 10-17
*Baldvin Ómar Magnússon - Löggiltur fasteignasali*



**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**
**ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.**
**Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is**
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

**Straumsalir 6 - Kópavogi**
**5 herbergja íbúð með 4 svefnherbergjum**




**OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 17.30 – 18.00**
Mjög falleg 138,2 fm. 5 herbergja íbúð á 3. hæð í 5 íbúða húsi. Fjögur svefnherbergi. Björt stofa og borðstofa með útgangi á um 12 fm. svalir til suðvesturs. Opið eldhús með fallegum innréttingum úr mahony. Frá íbúðinni nýtur stórkostlegs útsýnis að Reykjanesi, til Snæfellsjökuls og víðar. Stutt í skóla, sundlaug og íþróttasvæði. Hús nýlega málað að utan. **Verð 36,9 millj. Íbúðin verður til sýnis í dag. Íbúð merkt 0302. Anna á bjöllu.** Verið velkomin.



Barnaheill
Save the Children á Íslandi

vissir þú að...
börn eiga rétt á
vernd gegn ofbeldi?


# Prinsessur nútímans

**BAKPANKAR**
Erlu Hlynsdóttur

Mér fannst það ekki lítið jákvætt þegar dóttirin setti kórónu á strákabrúðu með orðunum: „Hann er prinsessa.“ Ég viðurkenni að ég er móðir sem hef haft óbeit á orðinu prinsessa þegar kemur að litlum stelpum. Prinsessur eru sætar og hjálparlausar og bíða eftir prinsinum til að bjarga sér. Dóttir mín sér þetta víst öðruvísi. Prinsessur eru fólk með kórónu.



**HÚN ER** þriggja ára og nýbyrjuð að tala um prinsessur. Í fyrradag tilkynnti hún mér að hún væri með „prinsessuhár“. Ég veit ekki alveg hvað hún átti við en hún var allavega með slegið hár þennan daginn, aldrei þessu vant. Kannski er það þannig sem hún sér prinsessur, með slegið hár en ekki í tagli eða tíkó eða fléttum til að halda hárinu frá andlitinu þegar þær eru að leika sér. Eða kannski var þetta bara svona almenn yfirlýsing um hvað hún væri með frábært hár, prinsessuhár.

**ÉG GERI** mér grein fyrir að það er ekkert hægt að banna barni að vilja líkjast prinsessu. Síðan virðast þessar prinsessur jú bara hafa það svolítið gaman, sem getur aldrei verið slæmt. Þegar við hugsum um prinsessurnar í kring um okkur þá eru nútímaprinsessur mun sjálfstæðari og duglegri en prinsessurnar hér áður fyrr sem jafnvel sváfu bara í heila öld.

**EF VIÐ** skoðum aðeins Disney-prinsessurnar þá voru bæði Þyrnirós og Mjallhvít helst duglegar við að sofa. Litla hafmeyjan gefur rödd sína til að fá tækifæri til að hitta sætan strák. Fríða fellur fyrir ofbeldishneigðu Dýrinu í þeirri trú að hún geti breytt því til betri vegar. Það er annar tónn í Disney-útgáfunni af Pocahontas. Enginn þarf að bjarga henni, hún bjargar sjálf manninum sem hún elskar. Pocahontas vill samt ekki eyða lífinu með honum því hún er með stærri plön. Tiana, nútímaprinsessa sem er froskur lengst af, lætur drauminn rætast og opnar eigið fyrirtæki. Síðan er það Mulan sem mótmælir kynjahlutverkum, bjargar nánast öllum í myndinni og stendur uppi sem þjóðhetja. Reyndar drýgir hún hetjudáðirnar dulbúin sem karlmaður, en það er ekki á allt kosið.

**AF ÖLLUM** teiknimyndapersónunum erum við mæðgur hrifnastar af Dóru landkönnuði. Hún er klár, hugrökk og forvitin. Hún er hjálpsöm en lætur ekki ganga yfir sig. Svo lítur hún líka bara út eins og venjuleg lítil stelpa. Ég held að prinsessur nútímans geti nefnilega verið akkúrat þannig. Nema bara með prinsessuhár.

## MYNDASÖGUR

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman








# 2,-

Í dag bjóðum við þér upp á rammíslenska saltkjötsveislu
**á aðeins tvær krónur.**
Sprenghlægilegt verð aðeins í dag.

## Glens og gaman á öskudaginn í IKEA




### Skemmtidagskrá kl. 11-17

- Búningasamkeppni
- Ókeypis myndataka
- Lukkuhjól - engin núll
- Kötturinn sleginn úr tunnunni
- Ókeypis andlitsmálun
- Nammi og fjör

**Verslun opin 11-20 alla daga** - Veitingastaður opinn 9:30-19:30 - **www.IKEA.is**

IKEA®


SLEPPTU
DÝRINU
Í ÞÉR
LAUSU
SLEGGJAN
7D
ÖSKUDAGSTILBOÐ
1.490 KR.
1 KLST KORT SEM
VIRKAR Í ÖLLUM
TÆKJUNUM
pepsi
ÖSKUDAGUR
ÍÞRÓTTAÁLFURINN KEMUR KL. 14:15
Íþróttaálfurinn úr Latabæ kemur í heimsókn og verður
með skemmtilegt sprell fyrir börnin
KLESSUBÍLAR
kr. 550
FORELDRAR FÁ
FRÍTT MEÐ
VERÐLAUN FYRIR
FLOTTASTA BÚNINGINN
Flottustu búningarnir vinna 10.000 þús. kr.
Skemmtikort í verðlaun
KOSINN BESTI INNANHÚSS
SKEMMTIGARÐUR Í HEIMI
ÁRIÐ 2012
Skemmtigarðurinn
Skemmtun fyrir alla fjölskylduna
www.skemmtigardur.is
BETRI STOFAN

# Beckham þarf að bíða

16-liða úrslit Meistaradeildar Evrópu hefjast í kvöld.

**FÓTBOLTI** David Beckham verður ekki í leikmannahópi Paris Saint-Germain sem mætir Valencia í fyrri viðureign liðanna í 16-liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu kl. 19.45 í kvöld. Hann fór með til Spánar en verður ekki í hópnum þar sem hann hefur ekki enn æft með liðinu síðan hann gekk til liðs við það um mánaðamótin.

PSG verður án þeirra Thiago Motta og Thiago Silva en báðir eru meiddir. Engin meiðsli eru í herbúðum Valencia.

Einn annar leikur er á dagskrá 16-liða úrslitanna í kvöld en þá tekur skoska liðið Celtic á móti Ítalíumeisturum Juventus.

„Við trúum því að allt geti gerst í þessum tveimur leikjum," sagði Neil Lennon, stjóri Celtic. Leikmenn geta mætt fullir sjálfstrausts til leiks eftir að hafa unnið Barcelona í riðlakeppninni í haust.

„Það eru margir frábærir fótboltamenn í Juventus. En það er hættulegt að vanmeta Celtic. Við höfum sannað á tímabilinu að við getum staðið hvaða liði sem er snúning," bætti Lennon við. **- esá**



**STÓR STUND** Neil Lennon, stjóri Celtic, á blaðamannafundi í gær. GETTY



**FRÁBÆRT ÁR Í FYRRA** ÍR-ingurinn Einar Daði Lárusson stimplaði sig inn í tugþrautarheiminn árið 2012. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Vita núna hver ég er

Einar Daði Lárusson, besti tugþrautarmaður Norðurlanda árið 2012, hefur aldrei æft eins vel og fyrir áramót. „Ég gæti orðið miklu betri," segir Einar Daði.

**FRJÁLSAR ÍPRÓTTIR** Það verður lítið úr innanhússtímabilinu hjá besta tugþrautarkappa landsins, ÍR-ingnum Einari Daða Lárussyni. Hann ákvað að velja skynsemina frekar en möguleikann á því að komast á EM í Gautaborg. Frábært ár í fyrra gefur samt góð fyrirheit fyrir einn allra besta frjálsíþróttamann landsins í dag.

„Hásinarmeiðsli eru slæm en þetta er ekki svo alvarlegt eins og er. Við nennum ekki að lenda í því að þetta verði eitthvað alvarlegt," segir Einar Daði um meiðslin en hann varð að sleppa því að taka boði á sterkt mót í Eistlandi. „Það hefði verið virkilega gaman að fara þangað og EM hefði getað orðið hrikalega skemmtilegt mót ef ég hefði komist inn. Þetta er bara svo lítið í stóru myndinni og maður lærir það eftir því sem maður verður eldri og reyndari í þessu að svekkja sig ekki á minnst á einhverju svona," segir Einar.

### Hefur spjallað við Jón Arnar

Árið 2012 var frábært hjá Einari Daða sem náði sínum þremur bestu tugþrautum á ferlinum og sú besta, 7898 stig í Tékklandi í júní, er næstbesta tugþrautarafrek Íslendings frá upphafi á eftir Jóni Arnari Magnússyni, og kom honum inn á topp fimmtíu á heimslistanum og í fyrsta sæti yfir bestu tugþrautarafrek Norðurlanda á síðasta ári.

„Þetta lítur allt rosalega vel út," segir Einar Daði en hann æfði vel í haust. „Ég æfi bara frá degi til dags og sé síðan bara til hvað gerist," segir Einar Daði.

Það er aðeins Jón Arnar sem hefur gert betur en Einar Daði í þraut meðal íslenskra tugþrautarmanna. Jón Arnór á þó enn sautján bestu þrautir Íslendinga frá upphafi.

„Ég hef aðeins spjallað við Jón Arnar. Maður verður að nýta sér allt það sem er í boði og ég reyni að tala við menn sem hafa reynslu í þessu. Fólk má ekki gleyma því að það er fullt af fólki hérna heima sem veit hrikalega mikið um þetta," segir Einar Daði. Þráinn Hafsteinsson er hans aðalþjálfari en fleiri koma líka að þjálfun hans.

„Það er vesen að skipuleggja þetta og það eru ekki nógu margir dagar í vikunni fyrir þetta," segir Einar Daði léttur. Hann viðurkennir alveg að góður árangur hefur kallað á meiri áhuga á því sem hann er að gera.

„Ég held að væntingarnar verði aldrei meiri en þær sem maður setur á sjálfan sig. Maður verður að reyna að setja sem minnsta pressu því ég held að það sé ekki gott að setja mikla pressu á sig," segir Einar Daði.

„Ég ætla bara að gera það sem mér finnst gaman. Mér finnst sjúklega gaman að þessu á hverjum einasta degi. Það er nánast alltaf gaman í þessu. Vonandi getur maður með því að gera það sem manni finnst gaman smitað eitthvað út frá sér og gefið eitthvað af sér í leiðinni," segir Einar.

### Nóg til fyrir bætingu

En hversu góður getur Einar Daði orðið? „Maður veit aldrei hvað gerist. Ég er þokkalega góður núna en gæti orðið miklu betri. Maður veit aldrei hvernig hlutirnir þróast. Það er nóg svigrúm til að bæta sig, alveg fullt, en maður veit aldrei," segir Einar Daði. Hann verður 23 ára gamall í maí og er langt á undan Jóni Arnari þegar litið er á aldurinn. Einar Daði vill þó ekki að menn einblíni á aldurinn.

„Mér finnst svolítið með fólk oft að það segi að þessi sé svona gamall og hann á þetta í dag og þá á hann eftir að ná þessu þegar hann verður 25 eða 26 ára. Hlutirnir eru ekki svona einfaldir og það þarf svo margt að ganga upp til að skila fólki upp í efsta klassa. Það er nóg inni fyrir bætingu. Ég ætla bara að æfa og hafa gaman að því. Svo sé ég bara til hvað gerist," segir Einar.

Einar Daði stimplaði sig inn á síðasta ári og á nú auðveldara með að komast inn á flott mót. „Það eru frekar stór tugþrautarmót í gangi í Evrópu. Ég ætla að fara og keppa á þeim og svo nær maður vonandi lágmörkum á þessi stærstu mót, HM, EM og Ólympíuleika. Það er frekar skemmtilegt líka að þeir úti í heimi vita nú hver ég er," segir Einar Daði. **ooj@frettabladid.is**







## ÚRSLIT

### DOMINOS-DEILD KARLA

**FJÖLNIR - KEFLAVÍK 101-113 (40-50)**
**Fjölnir:** Christopher Smith 35/10 fráköst/3 varin skot, Arnþór Freyr Guðmundsson 21/5 fráköst, Tómas Heiðar Tómasson 16/5 stoðsendingar, Isacc Deshon Miles 12/5 fráköst/7 stoðsendingar, Ingvaldur Magni Hafsteinsson 10, Gunnar Ólafsson 5/4 fráköst, Björgvin Hafþór Ríkharðsson 2.

**Keflavík:** Billy Baptist 34/14 fráköst, Magnús Þór Gunnarsson 31, Michael Craion 20/18 fráköst, Darrel Keith Lewis 18/7 fráköst/6 stoðsendingar, Valur Orri Valsson 4/6 stoðsendingar, Almar Stefán Guðbrandsson 3, Hafliði Már Brynjarsson 3.

**GRINDAVÍK - ÍR 102-80 (42-44)**
**Grindavík:** Aaron Broussard 22/11 fráköst/6 stoðsendingar, Samuel Zeglinski 16/5 stoðsendingar, Ryan Pettinella 11, Jóhann Árni Ólafsson 11, Þorleifur Ólafsson 9/5 fráköst, Sigurður Gunnar Þorsteinsson 9/11 fráköst, Jón Axel Guðmundsson 7, Ómar Örn Sævarsson 7/7 fráköst, Ólafur Ólafsson 4, Daníel G. Guðmundsson 3, Björn Steinar Brynjólfsson 3.

**ÍR:** D'Andre Jordan Williams 29/7 fráköst/7 stoðsendingar, Eric James Palm 14, Sveinbjörn Claessen 13/7 fráköst, Hjalti Friðriksson 12/4 fráköst, Nemanja Sovic 6/7 fráköst, Þorvaldur Hauksson 4, Vilhjálmur Theodór Jónsson 2.

**STJARNAN - NJARÐVÍK 77-87 (40-34)**
**Stjarnan:** Brian Mills 21/11 fráköst/6 varin skot, Justin Shouse 20/8 stoðs., Jarrid Frye 20/11 fráköst/7 stolnir, Jovan Zdravevski 11, Kjartan Atli Kjartansson 3, Fannar Freyr Helgason 2.

**Njarðvík:** Elvar Már Friðriksson 26/8 fráköst, Marcus Van 17/23 fráköst/3 varin skot, Maciej Stanislav Baginski 14, Nigel Moore 14/8 fráköst/8 stoðsendingar, Ólafur Helgi Jónsson 11, Hjörtur Hrafn Einarsson 3, Ágúst Orrason 2.

### REYKJAVÍKURMÓT KARLA

**ÚRSLITALEIKUR**
**KR - LEIKNIR 2-3**
1-0 Atli Sigurjónsson (39.), 1-1 Egill Atlason (51.), 1-2 Hilmar Árni Halldórsson, víti (70.), 2-2 Bjarni Guðjónsson, víti (85.), 2-3 Sævar Freyr Alexandersson (90.).

### SÍMABIKAR KARLA

**8-LIÐA ÚRSLIT**
**ÞRÓTTUR - STJARNAN 22-27 (9-14)**

### ENSKA ÚRVALSDEILDIN

**LIVERPOOL - WEST BROM 0-2**
0-1 Gareth McAuley (81.), 0-2 Romelu Lukaku (90.)

NÝTT Á ORKUNNI OG SHELL

www.orkan.is/thin-stod

+2 kr.

# 2 kr.
# viðbótarafsláttur
## á Þinni stöð

Veldu bensínstöð að eigin vali á **www.orkan.is** og fáðu **2 krónu viðbótarafslátt** á þeirri stöð, ofan á þann afslátt sem þú hefur í dag*.

**Sjá nánar á www.orkan.is.**




**5 kr.**
lágmarksafsláttur
á Þinni stöð

ORKAN
AFSLÁTTUR VINSTRI HÆGRI!

*Almennur afsláttur korthafa/lykilhafa að viðbættum 2 kr. viðbótarafslætti á Þinni stöð er aldrei meiri en 10 kr. Afsláttur á Þinni stöð bætist t.d. ekki við upphafsafslátt, afmælisafslátt, Ofurdag eða önnur sértæk afsláttarkjör.

Símanúmer þjónustuvers: **578 88 00**

ENNEMM / SÍA / NM56163

# DAGSKRÁ

## Stöð 2 Sport kl. 19.30
## Meistaradeild Evrópu




Í kvöld hefjast 16 liða úrslit í Meistaradeild Evrópu með tveimur leikjum sem báðir verða sýndir í beinni útsendingu. Viðureign Celtic og Juventus er sýnd á Stöð 2 Sport HD og á sama tíma er leikur Valencia og Paris St. Germain sýndur á Sport 3. Þorsteinn J. og gestir hita upp fyrir leikina og fara yfir allt það helsta strax í leikslok.

## Í KVÖLD



### The Glee Project

**POPPTÍVÍ KL.20.10 RAUNVERULEIKAÞÆTTIR** þar sem hæfileikaríkt ungt fólk keppir um gestahlutverk í Glee. Í þætti kvöldsins verður kynhneigð tekin fyrir og Naya Rivera, sem er þekktust fyrir hlutverk sitt sem Santana í Glee, mætir í heimsókn.

TV.COM 7,6 IMDb 8,8



### Necessary Roughness

**SKJÁR 1 KL. 20.20** Danielle hjálpar nú ungum tennisstjörnum sem eru par, bæði á vellinum og utan hans. T.K. er rændur, Ray Jay er kominn með nýja fjárhagsáætlun og vandamál Jeanette ná nýjum hæðum.

TV.COM 7,8 IMDb 6,6



### 127 Hours

**STÖÐ 2 BÍÓ** KL. **22.00** Mynd byggð á sögu Arons Ralsto, sem þurfti að húka fastur í sprungu Utah gljúfurs í 127 klukkustundir. Á endanum sá hann þann einan kost í stöðunni að skilja eftir hluta af sjálfum sér ef hann ætlaði að komast lífs af.

Rotten Tomatoes 93% IMDb 7,7

## RÁS 1 — FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar **1 06.**40 Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Norðurslóð **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Fyrr og nú **14.00** Fréttir **14.03** Tónleikur **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Konur **15.25** Tungubrjótur **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Tríó **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Okkar á milli **21.10** Hvað er málið? **21.40** Íslendingasögur **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Lestur Passíusálma **22.20** Fimm fjórðu **23.15** Kvika **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**15.45 Íslenski boltinn** *(e)*
**16.30 Ástareldur** *(Sturm der Liebe)*
**17.20 Teitur**
**17.30 Sæfarar**
**17.41 Skúli skelfir**
**17.52 Hanna Montana** *(e)*
**18.15 Táknmálsfréttir**
**18.25 Litla Parísareldhúsið** *(1:6)*
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.05 360 gráður** Skyggnst er inn í íþróttalíf landsmanna og rifjuð upp gömul atvik úr íþróttasögunni.
**20.35 Djöflaeyjan** Fjallað verður um leiklist, kvikmyndir og myndlist með upplýsandi og gagnrýnum hætti.
**21.10 Lilyhammer** *(6:8) (Lilyhammer)* Norskur myndaflokkur. Glæpamaður frá New York fer í felur í Lillehammer í Noregi eftir að hann ber vitni gegn félögum sínum. Hann á erfitt uppdráttar sem atvinnulaus nýbúi í Noregi og tekur því upp fyrri iðju.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Glæpurinn III** *(2:10) (Forbrydelsen III)* Dönsk sakamálaþáttaröð. Ungri telpu er rænt og Sarah Lund rannsóknarlögreglumaður í Kaupmannahöfn fer á mannaveiðar. Við sögu kemur stærsta fyrirtæki landsins, forsætisráðherrann og gamalt óupplýst mál. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
**23.20 Neyðarvaktin** *(5:22) (Chicago Fire) (e)* **Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.**
**00.00 Kastljós** *(e)*
**00.30 Fréttir**
**00.40 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**11.50 Scott Pilgrim vs. The World**
**13.40 Alvin og íkornarnir 2**
**15.10 The Adjustment Bureau**
**16.55 Scott Pilgrim vs. The World**
**18.45 Alvin og íkornarnir 2**
**20.15 The Adjustment Bureau**
**22.00 127 Hours**
**23.35 Repo Men**
**01.30 Triassic Attack**
**02.55 127 Hours**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.05 Malcolm in the Middle** *(5:16)*
**08.30 Ellen** *(94:170)*
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors** *(81:175)*
**10.15 The Wonder Years** *(13:22)*
**10.40 Up All Night** *(2:24)*
**11.05 Fairly Legal** *(9:13)*
**11.50 The Mentalist** *(20:24)*
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Frasier** *(16:24)*
**13.25 The X-Factor** *(13:27)*
**15.05 Sjáðu**
**15.35 iCarly** *(36:45)*
**16.00 Barnatími Stöðvar 2**
**16.50 Bold and the Beautiful**
**17.10 Nágrannar**
**17.35 Ellen** *(95:170)*
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 The Big Bang Theory** *(17:23)*
**19.40 The Middle** *(7:24)*
**20.05 Modern Family** *(10:24)*
**20.25 How I Met Your Mother** *(9:24)*
**20.50 Two and a Half Men** *(3:23)* Í þessari tíundu þáttaröð hinna geysivinsælu gamanþátta Two and a Half Men fylgjumst við áfram með þeim Alan, Jack og Walden, milljónamæringnum sem kom óvænt inn í líf feðganna.
**21.15 Burn Notice** *(14:18)*
**22.00 The League** *(6:6)*
**22.25 The Daily Show: Global Editon** *(5:41)* Spjallþáttur með Jon Stewart þar sem engum er hlíft.
**22.50 New Girl** *(15:24)*
**23.15 Go On** *(3:22)*
**23.40 Grey's Anatomy** *(13:24)*
**00.25 Rita** *(3:8)*
**01.10 Girls** *(1:10)*
**01.35 Mad Men** *(2:13)*
**02.20 Rizzoli & Isles** *(6:15)*
**03.05 Journey to the Center of the Earth**
**04.35 Modern Family** *(10:24)*
**04.55 How I Met Your Mother** *(9:24)*
**05.20 Fréttir og Ísland í dag**

## STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**17.30 Meistaradeildin í handbolta - markaþáttur**
**18.00 Spænsku mörkin**
**18.30 Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur**
**19.00 Þorsteinn J. og gestir - upphitun**
**19.30 Meistaradeild Evrópu: Celtic - Juventus** BEINT frá leik í 16 liða úrslitum.
**21.45 Þorsteinn J. og gestir - meistaramörkin**
**22.15 Meistaradeild Evrópu. Valencia - PSG** Útsending frá leik í 16 liða úrslitum. Leikurinn er í beinni útsendingu á Sport 3 kl. 19.30.
**00.05 Meistaradeild Evrópu: Celtic - Juventus**
**01.55 Þorsteinn J. og gestir**

## STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Liverpool - WBA**
**14.45 Stoke - Reading**
**16.25 Tottenham - Newcastle**
**18.05 Premier League Review Show**
**19.00 Aston Villa - West Ham**
**20.40 Man. Utd. - Everton**
**22.20 Football League Show 2012/13**
**22.50 Sunnudagsmessan**
**00.05 Sunderland - Arsenal**

## STÖÐ 2 krakkar

**07.00 Brunabílarnir**
**07.20 Áfram Diego, áfram!**
**07.45 Waybuloo**
**08.05 Svampur Sveinsson**
**08.25 Dóra könnuður**
**08.50 Doddi litli og Eyrnastór**
**09.00 UKI**
**09.05 Strumparnir**
**09.30 Lína langsokkur**
**09.55 Ofurhundurinn Krypto**
**10.15 Lukku láki**
**10.40 Histeria!**
**11.00 Stöð 2 Krakkar - barnatími**
**17.00 Maularinn**
**17.25 Ofurhetjusérsveitin**
**17.50 iCarly** *(11:25)*

## POPP TÍVÍ

**17.00 Simpson-fjölskyldan** *(5:22)* Marge fellur fyrir módeli utan á klósettpappír og það veldur röð skemmtilegra atvika. Við fáum að heyra rödd Pauls Newman meðal leikara í þættinum.
**17.25 Íslenski listinn**
**17.50 Gossip Girl** *(20:22)*
**18.35 Game Tíví** Fræðandi þáttur sem fjallar um allt það nýjasta úr tækni- og tölvuleikjaheiminum.
**19.00 Friends** *(8:24)* .
**19.20 How I Met Your Mother** *(10:24)*
**19.45 Simpson-fjölskyldan**
**20.10 The Glee Project** *(4:12)* Önnur þáttaröðin í raunveruleikaþættinum um ótrúlega hæfileikaríkt ungt fólk.
**20.55 FM 95BLÖ** Tækifæri til að sjá allt það helsta sem gerðist í dag í útvarpsþættinum FM95BLÖ.
**21.15 Hellcats** *(4:22)* Dramatískir gamanþættir þar sem við fáum að skyggnast inn í keppnisfullan heim klappstýra og vinskap þeirra á milli.
**22.00 Smallville** *(8:22)* Áttunda þáttaröðin um ofurmennið Superman á unglingsárum. Clark Kent heldur áfram að berjast við ill öfl sem ógna honum og framtíð heimsins.
**22.45 Game Tíví**
**23.05 The Glee Project** *(4:12)*
**23.50 FM 95BLÖ**
**00.10 Hellcats** *(4:22)* D
**00.55 Smallville** *(8:22)*
**01.40 Tónlistarmyndbönd Popptíví**

## STÖÐ 2 GULL

**18.15 Doctors** *(133:175)*
**19.00 Ellen** *(95:170)*
**19.40 Borgarilmur** *(3:8)*
**20.15 Veggfóður**
**21.05 Gavin & Stacey** *(3:6)*
**21.40 Footballers Wives** *(3:8)*
**22.30 Borgarilmur** *(3:8)*
**23.05 Veggfóður**
**23.55 Gavin & Stacey** *(3:6)*
**00.25 Footballers Wives** *(3:8)*
**01.15 Tónlistarmyndbönd Popptíví**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Rachael Ray**
**08.45 Dr. Phil**
**09.25 Pepsi MAX tónlist**
**16.00 Kitchen Nightmares** *(16:17)*
**16.50 Rachael Ray**
**17.35 Dr. Phil**
**18.15 Family Guy** *(6:16)*
**18.40 Parks & Recreation** *(14:22)*
**19.05 The Increasingly Poor Decisions of Todd Margaret** *(2:6)* Sprenghlægilegir gamanþættir með hinum undarlega David Cross úr Arrested Development í aðalhlutverki.
**19.30 America's Funniest Home Videos**
**19.55 Will & Grace** *(24:24)*
**20.20 Necessary Roughness** *(10:16)* Bráðskemmtilegur þáttur um sálfræðinginn Danielle og frumleg meðferðarúrræði hennar.
**21.10 The Good Wife** *(12:22)* Vinsælir bandarískir verðlaunaþættir um Góðu eiginkonuna Alicia Florrick. Lögmaður er handtekinn og Alicia og félagar hennar reyna að koma honum til hjálpar.
**22.00 Elementary** *(6:24)* Vinsælir bandarískir þættir sem fjalla um besta einkaspæjara veraldar, sjálfan Sherlock Holmes. Honum til halds og trausts er Dr. Watson sem að þessu sinni er kona. Sögusviðið er New York borg nútímans.
**22.45 Málið** *(6:7)*
**23.15 HA?** *(5:12)*
**00.05 CSI** *(6:22)*
**00.55 CSI: Miami** *(3:22)*
**01.40 Excused**
**02.05 The Good Wife** *(12:22)*
**02.55 Elementary** *(6:24)*
**03.40 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **08.00** AT&T Pebble Beach **2013** *(1:4)* **11.00** Golfing World **11.50** Golfing World **12.40** AT&T Pebble Beach **2013** *(2:4)* **15.40** The Memorial Tournament **2012** *(4:4)* **18.30** Golfing World **19.20** PGA Tour - Highlights *(6:45)* **20.15** Ryder Cup Official Film **2008 21.**30 Ísgolf **2012** *(1:2)* **22.00** Golfing World **22.50** US Open **2002** - Official Film **23.50** ESPN America

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Flokksformenn og ESB. **21.30** Flokksformenn og ESB

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun





BÍLLINN ER Í ÖRUGGUM HÖNDUM HJÁ OKKUR

Bremsuklossar · Smurþjónusta · Smáviðgerðir · Rúðuþurrkur · Rúðuvökvi · Rafgeymar

BARÐINN
– Síðan 1941 –

SKÚTUVOGI 2 | 104 REYKJAVÍK | SÍMI 568 3080 | WWW.BARDINN.IS

# FORD **KUGA** Titanium S AWD **frá 5.790.000 kr.**

Kynntu þér nýjan Ford Kuga frá 5.790.000 kr. Kauptu nýjan og ríkulega búinn Ford Kuga sportjeppa. Ford Kuga fæst 140 hestafla dísil beinskiptur og 163 hestafla dísil sjálfskiptur. Sparneytinn og hagkvæmur í rekstri. Frábær endursala. Fallegar línur og grípandi hönnun. Framúrskarandi akstursegiginleikar. Allt þetta sameinar Ford Kuga. Gerðu góð kaup. Vertu í hópi þeirra bestu. Spyrðu um verksmiðjuábyrgð í allt að 5 ár. Veldu Ford, nýtt tákn um gæði.




FORD **KUGA** TITANIUM S AWD

FRÁ

**46.330 kr./mán.***

ford.is

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Aukin þjónusta Bíldshöfða 6: Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16

* Ford Kuga Titanium S AWD 5 dyra 2,0TDCi dísil, 140 hö, beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 6,0 l/100 km. Losun koltvísýrings $CO_2$ 159 g/km. Miðað er við óverðtryggðan bílasamning til 7 ára og uppítökubíl / útborgun að verðmæti 3.100.000 kr. Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Hlutfallstala kostnaðar 11,68%. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður og gerð getur verið frábrugðin mynd í auglýsingu.

## BÓKIN



**„Gamlinginn sem skreið út um gluggann og hvarf. Ég var að byrja á henni og hún lofar mjög góðu.“**

Ýr Káradóttir, einn af eigendum Reykjavík Trading Co.

# Myndband Óttars Norðfjörð spilað á MTV

Tónlistarmyndband rithöfundarins Óttars M. Norðfjörð og kærustu fær athygli.

„Við erum mjög ánægð með viðbrögðin,“ segir rithöfundurinn Óttar M. Norðfjörð.

Tónlistarmyndband sem Óttar og kærastan hans, ljósmyndarinn Elo Vázquez, leikstýrðu með spænsku hljómsveitinni I Am Dive hefur verið í spilun á sjónvarpsstöðinni MTV á Spáni síðustu vikur. Myndbandið, sem var að mestu tekið upp á Íslandi, er einnig komið í spilun á Youtube-síðu bandarísku tónlistarhátíðarinnar South By Southwest en hljómsveitin spilar þar í mars. Á Youtube var það eitt fárra sem voru valin úr stórum hópi myndbanda sem áttu þess kost að komast á síðuna.

„Þetta kom þannig til að forsprakki hljómsveitarinnar setti sig í samband við kærustu mína eftir að hafa uppgötvað ljósmyndirnar hennar á netinu. Í kjölfarið prýddu ljósmyndir hennar fyrstu plötu I Am Dive og svo bað maðurinn hana líka um að gera myndband fyrir sig,“ segir Óttar, en þetta er fyrsta myndbandið sem hann býr til. Upptökur fóru fram á Íslandi síðasta vetur bæði í Reykjavík og úti á landi.

„Myndbandið hefur verið á mörgum tónlistarsíðum, en eftir að það komst inn á spænska MTV og svo síðu SXSW erum við alveg í skýjunum,“ segir rithöfundurinn. - fb



**NÝTT MYNDBAND** Tónlistarmyndband Óttars og Vázquez hefur fengið góð viðbrögð. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM






# Lúxusvandamál að velja lög með ELO

Stórskotalið tónlistarmanna kemur fram á heiðurstónleikum ELO í apríl.

„Þetta verða sitjandi tónleikar en ég geri alveg ráð fyrir því að hörðustu aðdáendurnir munu eiga erfitt með að sitja kyrrir á köflum,“ segir tónlistarmaðurinn Jón Ólafsson sem stýrir heiðurstónleikum fyrir rokkhljómsveitina ELO í apríl.

Electric Light Orchestra, eða ELO, er bresk hljómsveit sem spilar sinfónískt rokk og var feikivinsæl um allan heim frá 1971 og langt fram undir níunda áratuginn. Sveitin gaf út ellefu plötur á þeim tíma, þá tólftu árið 2001, og hefur í dag selt yfir 50 milljónir platna um allan heim. „Ég hlustaði mikið á ELO sjálfur sem unglingur. Ég fékk plötuna A New World Record í fermingargjöf og spilaði hana sundur og saman. Næstu árin keypti ég mér svo allar plötur sveitarinnar og hafði alltaf lúmskt gaman af þessum grípandi lögum Jeffs Lynne,“ segir Jón. Lynne stjórnaði meðal annars upptökum hjá Bítlunum og Traveling Wilburys. Lynne var annar stofnandi ELO og hefur verið mikill áhrifavaldur í tónlistarheiminum. Blaðið The Washington Times setti hann til að mynda í fjórða sæti yfir áhrifamestu upptökustjóra allra tíma.

ELO átti fjöldamarga smelli á meðan hún starfaði og átti sveitin til að mynda 27 lög á topp 40 listum í Bretlandi og Bandaríkjunum á árunum 1972 til 1986. Meðal þekktustu laga hljómsveitarinnar má nefna Evil Woman og Telephone Line og segir Jón það vera algjört lúxusvandamál að velja lög til að taka á tónleikunum. „Mér er nokkur vandi þar á höndum því það eru svo mörg góð lög. Öll vinsælustu lögin þeirra verða vitaskuld á prógramminu en auk þess leyfum við óvæntum gimsteinum að fljóta með,“ segir hann.

Fjórtán manns munu reyna að fylla í fótspor Jeffs Lynne og félaga á sviði Eldborgarsals Hörpu þann 13. apríl næstkomandi undir stjórn Jóns. Það þýddi ekkert minna en stórskotalið rokkara og um sönginn sjá engir aðrir en Eiríkur Hauksson, Eyþór Ingi Gunnlaugsson, Jóhann Helgason, Magni Ásgeirsson og Pétur Örn Guðmundsson. „Það kom mér skemmtilega á óvart þegar ég hafði samband við Eirík að hann er gríðarlega mikill ELO-aðdáandi sjálfur. Hinir virtust svo vera vel með á nótunum líka. Mörg lögin liggja mjög hátt fyrir söngvara og það er ekki síst þess vegna sem þessir frábæru menn urðu fyrir valinu,“ segir Jón.

tinnaros@frettabladid.is



**SINFÓNÍSKT ROKK** ELO var feikivinsæl á seinni hluta síðustu aldar. Jeff Lynne og félagar hans hafa selt yfir 50 milljónir platna á heimsvísu.



# Biophilia með bestu hönnunina

Plata Bjarkar, Biophilia, vann til verðlauna hinni virtu Grammy-hátíð.

Biophilia, plata Bjarkar, fékk bandarísku Grammy-verðlaunin aðfaranótt mánudags fyrir hönnun. Það voru þeir Michael Amzalag og Mathias Augstyniak sem fengu verðlaunin fyrir hönnun sína.

Biophilia var einnig tilnefnd sem besta framsækna platan en tapaði fyrir belgísk-ástralska tónlistarmanninum Gotye. Hann hlaut tvenn verðlaun til viðbótar, þar á meðal fyrir lagið Somebody That I Used To Know. Hann tók við verðlaununum úr hendi Prince. „Ég hlustaði á þennan mann í mörg ár þegar ég var að alast upp og hann er stór ástæða fyrir því að ég byrjaði að semja tónlist. Takk fyrir,“ sagði Gotye í þakkarræðu sinni.

Enska hljómsveitin Mumford & Sons fékk aðalverðlaunin fyrir plötu ársins, Babel. Bandaríska hljómsveitin Fun var kjörin nýliði ársins og lag hennar We Are Young var valið lag ársins. Bandaríski rokkdúettinn The Black Keys hlaut fern verðlaun, þar á meðal fyrir bestu rokkplötuna og besta rokklagið. N****s In Paris með Jay-Z og Kanye West var valið besta rapplagið.

Á meðal þeirra sem tóku lagið á þessari 55. Grammy-hátíð voru Taylor Swift, Ed Sheeran, Sir Elton John, Justin Timberlake, Alicia Keys og Carrie Underwood.



**BIOHPHILIA** Umslag Biophilia hlaut verðlaun fyrir bestu hönnunina.

WWW.DOMINOS.IS

SÍMI 58 12345

DOMINO'S APP

**PANTAÐU MEÐ APPI EÐA Á NETINU**

Það er fljótlegt og þægilegt að panta með **Domino's appinu** og á vefnum okkar, **dominos.is**. Þannig geturðu valið, pantað, fylgst með pöntuninni á Pizzuvaktinni og fengið fréttir af tilboðum.

# SALTMINNI
# ÞRIÐJUDAGUR

**1.000 KR.** ÞEGAR ÞÚ SÆKIR MIÐSTÆRÐ AF PIZZU MEÐ ÞREMUR ÁLEGGSTEGUNDUM

VIÐ NOTUM EINGÖNGU
**100%**
ÍSLENSKAN OST

KJÖTVEISLA: Skinka, pepperoni og nautahakk



FÍTON / SÍA

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is PRENTUN Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
vísir
Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Fæddi barn eftir hláturskököst hjá Ara

Grínistinn **Ari Eldjárn** hitaði upp fyrir sænska uppistandarann Johan Glans á nokkrum sýningum í Lundi um helgina. Ari vakti að venju mikla lukku. Þunguð kona, sem mætti á eina af sýningum þeirra félaga, hló svo mikið að Ara að hún missti vatnið. Konan fór á spítala til að fæða barnið, sem kom í heiminn nokkru seinna, og missti eðli málsins samkvæmt af uppistandi Johans. Málið vakti athygli sænskra fjölmiðla, sem fjölluðu um uppistandið og fæðinguna um helgina.

**- þeb**



### Pascal fær 4 stjörnur

Gagnrýnandi bandaríska tónlistarvefjarins Allmusic.com gefur nýjustu plötu Pascal Pinon, Twosomeness, fjórar stjörnur af fimm mögulegum. „Þær hafa yfir að ráða hárréttri blöndu af sakleysi og fagmennsku til að platan nái að hljóma svona vel,“ sagði gagnrýnandi þessarar virtu síðu. Platan hafði áður fengið átta í einkunn af tíu mögulegum hjá Clashmusic.com. „Æðislegar raddir tvíburasystranna **Jófríðar** og **Ásthildar** sveima yfir naumhyggjulegri blöndu af þjóðlaga- og raftónlist.“ **- fb**



## Mest lesið vísir

**1** Benedikt sextándi segir af sér
**2** Menntaskólanemar eiga í ástarsambandi við kennara sína í töluverðum mæli
**3** Númerslausir bílar hrannast upp
**4** Þarf að greiða 20 þúsund þökk sé einu símtali
**5** Morðingi Bulgers “enn hættulegur”





